


skoðun 12

2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Fasteignir.is




Skólabóka-
markaður á
Fiskislóð 39

15-25%
afsláttur
Kennslubækur
Orðabækur
Handbækur

FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur
15. ágúst 2011
188. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*
10 ÁRA
2001-2011

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl - júní 2011



## Kallaður járnkarlinn

*Matthías Bjarnason, fyrrverandi ráðherra, er níræður í dag.*

tímamót 14

## Í gamla stílnum

*Sóli Hólm og Gylfi Ægis syngja dúett í nýju lagi.*

fólk 26



## Seiglusigur KR-inga

*KR-ingar bikarmeistarar eftir 2-0 sigur á vel studdum en óheppnum Þórsurum*

sport 20

## veðrið í dag




**BLAUTT N-LANDS** Í dag verða norðan 8-15 m/s V-til, annars hægari. Rigning N-lands en yfirleitt þurrt og bjart syðra. Hiti 7-17 stig, mildast SA-lands.

VEÐUR 4

# Mikill áhugi á orku frá Þeistareykjum

**Fyrirtækið Thorsil hefur áhuga á lóð á Bakka fyrir kísilmálmverksmiðju. Það bætist þar með í hóp PCC og Alcoa sem vilja líka reisa verksmiðjur á svæðinu.**

**IÐNAÐUR** Norðurþingi hefur borist ósk um viðræður um úthlutun á 20 hektara lóð á Bakka til fyrirtækisins Thorsil. Thorsil hefur hug á að reisa kísilmálmverksmiðju á Íslandi í samvinnu við kanadíska fyrirtækið Timminco.

„Við erum ekki búin að gera raforkukaupasamning en erum að reyna að tryggja okkur lóðina ef okkur tækist að fá orku þarna," segir Hákon Björnsson, framkvæmdastjóri Thorsil. Fyrirtækið beinir nú sjónum sínum að orku frá Þeistareykjum en hefur áður skoðað möguleika á að reisa verksmiðju við Þorlákshöfn og á Grundartanga. Bergur Elías Ágústsson, sveitarstjóri Norðurþings, segir ánægjulegt að áhugi sé fyrir uppbyggingu á svæðinu. „Við erum með PCC, við höfum átt frábært samstarf við Alcoa og núna sækir Thorsil um. Við tökum þeim bara eins og öðrum sem leitað hafa til okkar; með jákvæðu hugarfari. Við vonum bara að störfin og framkvæmdirnar fari að tikka, Þingeyingum og þjóð til heilla," segir Bergur Elías.

Fregnir bárust af því fyrr á árinu að þýska fyrirtækið PCC hefði sýnt áhuga á að reisa kísilmálmverksmiðju á Bakka. Verkefnið er þó enn á viðræðustigi. Þá hefur Alcoa lengi haft áhuga á að reisa þar álver.

Bergur segir íbúa á svæðinu orðna langeyga eftir framkvæmdum. „Frá árinu 1998 höfum við haft eitt markmið. Og það er að búa til 600 til 800 störf í Þingeyjarsýslum. Ef að við gerum það með álveri þá er það flott, ef það er eitthvað annað þá er það fínt," segir Bergur og bætir við að allt sé í raun klárt, það þurfi bara að ganga frá samningum við orkukaupanda.

- mþl

Ólafur Björn í banastuði:

## Tryggði sér sæti á PGA-móti

**GOLF** Kylfingurinn Ólafur Björn Loftsson úr Nesklúbbnum vann sigur á áhugamannamóti í golfi í Norður-Karólínu í Bandaríkjunum í gær.



ÓLAFUR BJÖRN LOFTSSON

„Þetta er ólýsanleg tilfinning," sagði Ólafur sem fylgdist með mótinu á síðasta ári í sjónvarpinu. Ólafur, sem sagðist hafa spilað einn sinn besta hring á ferlinum í gær, lauk leik á ellefu höggum undir pari samanlagt.

Sigurinn tryggði Ólafi sæti á móti í PGA-mótaröðinni í vikunni. Ólafur Björn verður fyrsti Íslendingurinn til þess að keppa á móti í mótaröðinni.

- ktd



**ÆFIR SIG FYRIR HEIMSMÓT SÚKKULAÐIGERÐARMANNA** Svona súkkulaðiskúlptúr er ekki hristur fram úr erminni en Ásgeir Sandholt mun einungis fá tvær klukkustundir til að gera einn svona grip á heimsmótinu í París í haust. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Keppir í súkkulaðigerð í París:

## Vonast eftir sætum sigri

**MATARGERÐ** Bakarameistarinn Ásgeir Sandholt er nú við æfingar fyrir keppnina Barry Callebaut World Chocolate Masters sem er heimsmót súkkulaðigerðarmanna. Það verður haldið í París dagana 19. til 21. október og verður Ásgeir annar af fulltrúum Norðurlandanna í keppninni.

Ásgeir er vel að því kominn en hann vann Norðurlandakeppnina, sem er undankeppni fyrir mótið í París, með miklum yfirburðum. Í keppninni mun hann fá tvær klukkustundir til að hanna listaverk úr súkkulaði frammi fyrir dómurum og fjölda áhorfenda og verður keppninni sjónvarpað á franskri sjónvarpsstöð en einnig er hægt að fylgjast með henni á veraldarvefnum.

Þátttakendur eru nítján en dómararnir eru tuttugu og þrír. Hann segir að nú reyni á að hann nái að samnýta það sem afi hans og síðan amma kenndu honum.

- jse / sjá síðu 4

Sjónvarpsmenn frá arabísku stöðinni Al-Jazeera eru við tökur hér á landi:

# Gera þátt um múslima á Íslandi

**FJÖLMIÐLAR** Trúarlíf múslima á Íslandi hefur vakið áhuga sjónvarpsmanna frá arabísku sjónvarpsstöðinni Al-Jazeera en þeir eru nú að taka upp þátt hér á landi. Þátturinn fjallar um það hvernig múslimar halda Ramadan yst á norðurhveli jarðar en síðan munu þeir halda til Nýja-Sjálands og sjá hvernig þessi heilagasti mánuður múslima er í heiðri haldinn á hinum veraldarhjaranum. Heimildarmyndinni verður sjónvarpað í desember.

Meðal viðmælenda er Ólafur Ali Halldórsson, sem er bænaprestur hjá Félagi múslima á Íslandi, og Egill Noor Prunner kvikmyndagerðarmaður.

Ólafur tók íslamstrú fyrir tuttugu og tveimur árum en Egill Noor í febrúar á þessu ári svo þetta er í fyrsta sinn sem hann fastar. Einnig er tekið viðtal við móður Egils. „Hún var svolítið efins fyrst þegar ég tók trú en svo hefur hún séð að þetta hefur gert mér gott svo hún er sátt í dag," segir Egill.

Ólafur segir að það hafi vakið athygli sjónvarpsmanna að hér á landi er fastan brotin, samkvæmt reglum, áður en sól er sest að fullu. „Það er óhugsandi víðast annars staðar," segir hann.

- jse









## SPURNING DAGSINS



*Þorsteinn, eruð þið slánalegir í dag?*

Við berum höfuðið hátt eftir að hafa næstum því náð að slá í gegn um helgina.

Þór og KR mættust í úrslitum Valitorsbikars karla á laugardag. Þórsarar áttu fimm skot í slána í leiknum og KR fór með sigur af hólmi.

Í það minnsta nítján eru látnir eftir árás herskipa á mótmælendur í Sýrlandi:

# Herskip skutu á fólk í borginni Latakia

**BEIRÚT, AP** Sýrlensk herskip létu skotum rigna yfir hafnarborgina Latakia í gær og urðu í það minnsta nítján að bana. Árásinni var beint að andstæðingum sýrlenskra stjórnvalda sem staðið hafa fyrir mótmælum síðustu vikur.

Sýrlensk stjórnvöld hafa síðustu vikur ítrekað ráðist á mótmælendur en aukin harka hefur hlaupið í aðgerðirnar í ágúst. Nokkur hundruð manns létust í árásum í fyrstu viku mánaðarins segja mannúðarsamtök en ríkisstjórnir Vesturlanda hafa fordæmt aðgerðirnar.

Auk árásar frá herskipunum réðust hermenn inn í hús í nokkrum hverfum í borginni í gær.

Árásinni í gær var aðallega beint að al-Ramel hverfinu í Latakia en þar hafa fjölmenn mótmæli farið fram gegn Bashar al-Assad, forseta landsins, síðustu vikur.

Bandarísk stjórnvöld kölluðu eftir viðskiptabanni á olíu og gas frá Sýrlandi í kjölfar árásarinnar. Sýrlensk stjórnvöld hafa hins vegar réttlætt þær með því að segja þeim beint gegn hryðjuverkahópum og glæpamönnum. - mþl



**MYND FRÁ LATAKIA** Á myndinni sjást brynvarðir bílar hersins fyrir utan hús í hverfinu al-Ramel. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

## Lést eftir bílslys á Geirsgötu

Ungur maður, fæddur árið 1993, lést síðdegis í gær á gjörgæsludeild Landspítalans í Fossvogi.

Maðurinn slasaðist alvarlega í bílslysi á Geirsgötu á föstudagskvöld. Hann komst aldrei til meðvitundar eftir slysið.

Maðurinn var farþegi í bíl sem ökumaður missti stjórn á. Þrír voru fluttir á slysadeild eftir að bíllinn hafnaði á vegg húss við götuna. Hinir farþegarnir voru minna slasaðir.



**RICK PERRY** Perry þykir nú líklegastur til að verða frambjóðandi repúblikana í forsetakosningunum 2012. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Tim Pawlenty hættir við:

## Rick Perry í forsetaframboð

**BANDARÍKIN Rick Perry, ríkisstjóri í Texas, tilkynnti á laugardag að hann hygðist gefa kost á sér sem frambjóðandi repúblikana í bandarísku forsetakosningunum á næsta ári.**

**Þá dró Tim Pawlenty, fyrrverandi ríkisstjóri í Minnesota, framboð sitt til baka í gær eftir slakan árangur í óformlegu könnunarkjöri í Iowa á laugardag. Þingkonan Michele Bachmann sigraði í kjörinu en fyrsta forkosningin meðal repúblikana fer fram í Iowa í febrúar.**

**Perry þykir nú líklegastur til að hljóta tilnefninguna en Mitt Romney, fyrrverandi ríkisstjóri í Massachusetts, þykir einnig sigurstranglegur.** - mþl

# Íslenskt berg komið til ekta Íslendinga

**500 kílóa steinasafn var flutt frá Íslandi til Gimli í Kanada. Það er nú til sýnis á Sögusafni Nýja-Íslands þar ytra. Mörgum, sem eru af íslensku bergi brotnir, þótti mikið um að fá að snerta íslenskt berg í fyrsta sinn á ævinni.**

**MENNING** Steinasafn hjónanna Snjólaugar Maríu Dagsdóttur og Þorsteins Þorleifssonar, var flutt til Winnipeg í Kanada. Það er nú til sýnis á New Iceland Heritage Museum, eða Sögusafni Nýja-Íslands í Gimli í Manitoba.

Þorsteinn segir safnið samanstanda af grjóti sem Dagur Óskarsson hóf að safna upp úr miðri síðustu öld en megninu af því safnaði Jón, sonur Dags um langt tímabil.

„Það er gott að vita af safninu þar ytra, þetta eru jafnvel meiri Íslendingar en við,“ segir Þorsteinn. Það var þó ekki vandkvæðalaust að koma safninu út en eins og alkunna er mun það ólöglegt að flytja berg á milli landa. Þjóðræknifélagið, sem flutti safnið út, fékk þó undanþágu.

Iceland Express flutti safnið endurgjaldslaust, að sögn Svavars Gestssonar, ræðismanns í Kanada, í sinni fyrstu áætlunarferð til Winnipeg, í júní og þurfti félagið að fá til þess sérstakt leyfi en það hafði ekki leyfi til slíkra fraktflutninga. Síðan héldu þau Þorsteinn og Snjólaug María utan í lok júnímánaðar til þess að setja safnið upp.

Það var svo um síðustu mánaðamót, á Íslendingadeginum, sem Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra afhenti Sögusafninu í Gimli steinasafnið.

Þorsteinn segir að í safninu séu nánast allar bergtegundir sem fyrirfinnast hér á landi. „Það var afskaplega áhrifamikið að vera þarna í Gimli og sjá verslanir með íslensku nafni og heyra fólk tala sín á milli á lýtalausri íslensku. En einnig var það skemmtilegt þegar fólk var að snerta bergið og sagðist vera að snerta íslenskt berg í fyrsta sinn jafnvel þótt það væri af íslensku bergi brotið,“ segir Þorsteinn.

Hann segir enn fremur að jarðfræðideild Háskólans í Manitoba hafi tekið þessu afar vel og ætli að nýta sér tækifæri sem nú gefst þeim við túnfótinn til að kynnast íslensku bergi.

jse@frettabladid.is



**HJÓNIN BÚIN AÐ KOMA GRJÓTINU Í GÓÐAR HENDUR** Þau Þorsteinn Þorleifsson og Snjólaug María Dagsdóttir sjá ekki eftir steinunum sem gleðja nú margan manninn í Gimli. MYND/HELGI DAN

Lýsti fjöldamorðunum:

## Breivik sneri aftur til Úteyjar

**NOREGUR Lögreglan í Ósló fór í gær með fjöldamorðingjann Anders Behring Breivik aftur til Úteyjar þar sem hann myrti tugi manna 22. júlí síðastliðinn. Í Útey var Breivik látinn lýsa ódæðisverkinu fyrir lögreglu.**



**ANDERS BEHRING BREIVIK**

**Breivik hefur játað að hafa framið fjöldamorð í eyjunni og sprengt sprengju í miðborg Óslóar en segist ekki hafa framið glæp. Heimsóknin til Úteyjar í gær varði í átta klukkustundir. Breivik var umkringdur fjölda lögreglumanna og hafður í taumi auk þess sem hann var klæddur í skothelt vesti.**

**Verði Breivik dæmdur sekur um hryðjuverk bíða hans allt að 21 ár í fangelsi. Þó er hægt að halda honum lengur verði hann enn talinn ógn við almenning að refsingunni lokinni.** - mþl

Foreldrarnir bíða réttarhalda:

## Barn fannst í ruslagámi

**SPÁNN** Tveggja ára stúlkubarn fannst í ruslagámi á Suður-Spáni á laugardag að því er fram kom í fréttum breska ríkisútvarpsins BBC. Barninu var bjargað eftir að íbúar í grennd við ruslagáminn heyrðu ekkasog úr gáminum. Íbúarnir sem fundu barnið sögðu að það hefði verið grátandi, í svitabaði og með skelfingarsvip á andlitinu þegar þeir komu að því.

Foreldrarnir sem eru frá Norður-Afríku, voru fangelsaðir á laugardag. Þeir bíða nú réttarhalda vegna gruns um vanrækslu. - mmf


HÓPKAUP.IS Í DAG

DIESEL gleraugu, sjóngler og sjónmæling hjá Prooptik

30.825 kr.

GILDIR 24 TÍMA

Verð 68.500 kr.

Afsláttur 55%

Afsláttur í kr. 37.675 kr.

50 viðskiptavini þarf til að virkja tilboðið



DIESEL gleraugnaumgjörð, þunnt harðplast með rispuvörn, glampavörn og móðuvörn og sjónmæling. Hart hulstur og klútur. Mikið úrval í öllum verslunum Prooptik.

www.prooptik.is

prooptik gleraugu

Skeifunni Kringlunni Spönginni

HÓPKAUP

í krafti fjöldans

hópkaup.is

PIPAR\TBWA • SÍA


Það spáir kólnandi veðri og rigningu eða stöku skúrum víða næstu daga:

# Haustið ekki enn í kortunum

**VEÐUR** Nokkuð kólnar á landinu næstu daga. Rigning eða stöku skúrir verða í flestum landshlutum í vikunni.

„Það er spáð lægð fyrir austan landið og hún nær að draga niður svalara loft úr norðri og talsverða úrkomu á norðan- og norðaustanverðu landinu næstu tvo daga,“ segir Einar Sveinbjörnsson veðurfræðingur og bætir við að þegar líði á vikuna sé spáð rólegra veðri.

Einar segir að talsvert kalt loft sé nú í háloftunum. „Það berst til okkar kalt loft frá Grænlandi. Það hittist þannig á að kaldasta loftið á norðurhveli er hér hjá okkur,“ upplýsir Einar og tekur sem dæmi að í vikunni sé spáð sérlega miklum hlýindum norður við Svalbarða. Inntur eftir því hvort veðurspáin sýni að haustið sé á næsta leiti segir Einar að hitinn við Svalbarða sé ekki haustmerki. „Það haustar þegar kólna fer fyrir norðan okkur,“ segir Einar og bætir við að alltaf kólni hér á landi með norðanáttinni. „Íbúar á Norðurlandi þekkja það vel.“

Einar segir að nokkur óvissa ríki um veðurspár fyrir næstu helgi. „Það er spurning hvort lægð sem er í pípunum taki upp á því að vera nálægt okkur eða sunnan við Ísland og þá finnum við lítið fyrir henni.“ - mmf



**RIGNING OG KÓLNAR** Óvissa ríkir um spár fyrir næstu helgi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Skólabækurnar

## öflugar tölvur á góðu verði

### MacBook Pro 13”

Allt að 2,7GHz 2-kjarna Intel i7 örgjörvi
Allt að 8GB DDR3 vinnsluminni
Allt að 750GB harður diskur

Thunderbolt tengi (10Gbps)
Tvö USB 2.0 tengi
FireWire 800 tengi
SDXC kortarauf
Innbyggt Wi-Fi og Bluetooth

Íslenskt lyklaborð með baklýsingu

**Verð frá: 199.990.-**





### MacBook Air 11”

Allt að 1.8GHz Dual-Core Intel Core i7
Allt að 4GB vinnsluminni
Allt að 256GB SSD diskur

Thunderbolt tengi (10Gbps)
Tvö USB 2.0 tengi
Innbyggt Wi-Fi og Bluetooth

Þyngd 1.08 kg

Íslenskt lyklaborð með baklýsingu

**Verð frá: 169.990.-**



LaCie Neil Poulton - flakkari
1TB USB2 - 3,5”
**Verð frá: 12.990.-**



LaCie minnislykill
4GB, 8GB, 16GB
**Verð frá: 4.990.-**



Fartölvutöskur
Mikið úrval
**Verð frá: 5.990.-**



Office 2011 Home and Student
Word, Excel og PowerPoint
**Verð frá: 18.990.-**

epli.is

Með fyrirvara um prentvillur og verðbreytingar.

**Epli.is,** Laugavegi 182, sími 512 1300 | Opið 10-18 mánudaga til föstudaga og 12-16 laugardaga | **www.epli.is**

## GENGIÐ 12.08.2011

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 114,87 | 115,41 |
| Sterlingspund | 186,88 | 187,78 |
| Evra | 163,39 | 164,31 |
| Dönsk króna | 21,930 | 22,058 |
| Norsk króna | 20,839 | 20,961 |
| Sænsk króna | 17,673 | 17,777 |
| Japanskt jen | 1,4987 | 1,5075 |
| SDR | 183,73 | 184,83 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

219,4237

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Flugeldasýningin á fjölskylduhátíðinni í Vogum var einkar sérkennileg í ár:

# Æðarkolla varð fyrir flugeldum í Vogum

**DÝRALÍF** Æðarkolla varð fyrir því óláni að fljúga inn í flugeldaskothríðina þegar boðið var upp á flugeldasýningu í Vogum á Vatnsleysuströnd í tilefni af fjölskylduhátíðinni þar í bæ í fyrrakvöld.

Hrapaði hún úr flugeldahafinu, hafnaði á þaki Stóru-Vogaskóla og rúllaði þar eftir þakinu, eftir því sem fram kemur á vef Víkurfrétta. Menn úr Björgunarsveitinni Skyggni tóku fuglinn síðan upp á sína arma en Kristinn Björgvinsson, formaður björgunarsveitarinnar, sagði í samtali við Fréttablaðið að annar vængur hennar hafi verið svo illa farinn að ekki hafi verið hægt að bjarga henni svo hún var aflífuð.

„Þetta var afar sérstakt, vægt til orða tekið,“ segir hann. Hann segir enn fremur að áhorfendur hafi flestir verið nokkuð langt frá en þeim fáu sem voru í nánd við skólann hafi óneitanlega brugðið þegar kollan skall á þakinu. „Það varð nokkurt fát en við vörpuðum öndinni léttar þegar við sáum að þar var önd í hættu,“ segir hann kankvís.

„Við munum halda svona flugeldasýningu að ári en ég vona að það verði ekki boðið upp á loftgrillaða önd oftar,“ segir hann að lokum. **- jse**



**ÆÐARKOLLAN VAR ILLA Á SIG KOMIN** Flugeldasýningin í Vogum kom þessari kollu í koll í fyrrakvöld. MYND/HILMAR BRAGI



**LEIGUMARKAÐUR** Nefndarfulltrúar Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar vilja ræða stöðu leigutaka. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Nefndarfundur á Alþingi:

## Fundað um stöðu leigjenda

**STJÓRNMÁL** Pétur H. Blöndal og Unnur Brá Konráðsdóttir, fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í félags- og tryggingamálanefnd Alþingis, hafa óskað eftir því að fjallað verði um stöðu þeirra heimila sem eru í leiguhúsnæði á næsta nefndarfundi.

Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, fulltrúi Samfylkingarinnar, hefur tekið undir óskina en félags- og tryggingamálanefnd hittist næst á morgun. Pétur og Unnur Brá segja beiðnina setta fram vegna fréttaflutnings af bágborinni og versnandi stöðu þessara heimila. **- mþl**

Tíu einstaklingar handteknir:

## Fíkniefnagöng uppgötvuð

**MEXÍKÓ** Mexíkóskir hermenn hafa fundið göng sem liggja frá norðvesturhluta Mexíkó og undir bandarísku landamærin. Talið er að um sé að ræða göng til að smygla dópi til Bandaríkjanna.

Tíu einstaklingar, þar af ein kona, voru handteknir við gerð ganganna. „Göngin lágu frá húsi Mexíkómegin við landamærin og náðu um það bil eitt hundrað metra inn á bandarískt yfirráðasvæði,“ sagði Alfonso Duarte hershöfðingi. **- mmf**

# Æfir sig fyrir heimsmót í súkkulaðigerð í Frakklandi

**Íslenskur bakarameistari tekur þátt í heimsmeistarakeppni í súkkulaðigerð. Hann fær tvær klukkustundir til að gera eins og hálfsmetra súkkulaðiskúlptúr frammi fyrir vökulum dómurum og áhorfendum.**

**MATARGERÐ** Ásgeir Sandholt bakari er nú að búa sig undir heimsmeistarakeppni súkkulaðigerðarmanna eða hina svokölluðu Barry Callebaut World Chocolate Masters keppni sem haldin verður í París dagana 19. til 21. október.

Þar munu nítján fremstu meistarar í þessari grein reyna með sér undir augliti 25 dómara. Ásgeir er annar af tveimur fulltrúum Norðurlanda í keppninni og hann hefur ástæðu til að stefna hátt því hann sigraði á Norðurlandamótinu, sem jafnframt er undankeppni fyrir keppnina í París, með miklum yfirburðum.

„Í rauninni er þarna heilt lið á bak við mig sem gerir mér kleyft að taka þátt í þessu en það fara gríðarlegir fjármunir í þessa keppni,“ segir Ásgeir. En það breytir því ekki að þegar á hólminn er komið stendur hann einn frammi fyrir áhorfendum, sem fjölmenna á keppnina, dómurum sem og sjónvarpsáhorfendum en keppninni verður sjónvarpað á franskri sjónvarpsstöð en einnig verður hægt að fylgjast með henni á veraldarvefnum.

Blaðamaður kvaðst eiga í vandræðum með að spæla egg í návist móður sinnar svo hann spurði hvort hendurnar á Ásgeiri færu ekki að skjálfa þegar hann þarf að gera eins og hálfs metra hátt listaverk úr súkkulaði á tveimur klukkustundum frammi fyrir alþjóð. „Þetta er náttúrulega svolítið stressandi og eflaust verður einhver skjálfti í manni fyrst um sinn en ég er að þjálfa mig núna svo ég vonast til að þetta verði orðið rútínubundið hjá mér þegar þar að kemur,“ svarar hann. „Þessa dagana tek ég átta klukkutíma í það að gera skúlptúrinn og svo aðra átta í það að þróa bragðið.“

> Þessa dagana tek ég átta klukkutíma í það að gera skúlptúrinn og aðra átta í það að þróa bragðið.
>
> **ÁSGEIR SANDHOLT** BAKARAMEISTARI

Hann segir að góður árangur í keppninni myndi koma Íslandi á kortið í þessum geira og fyrir hann sjálfan gæti þetta opnað ýmis tækifæri. „Í Frakklandi eru matargerðarmeistarar á svipuðum stalli og rokkstjörnur og það er alltaf verið að leita að góðu fólki svo það er viðbúið að París færi að kalla ef maður kemst í raðir þessa góða fólks.“

Hann segist myndi tileinka ömmu sinni og afa sigurinn, þeim Þóru Kristjánsdóttur og Ásgeiri Sandholt. „Amma kenndi mér að föndra og hanna ýmislegt úr leir enda átti hún fjölmargar styttur sem eru mér minnisstæðar. Afi var hins vegar í súkkulaðikökugerðinni svo nú reynir bara á hvernig mér tekst að tvinna þetta tvennt saman.“

**jse@frettabladid.is**



**SÆTT LISTAVERK** Ásgeir er með aðstöðu hjá fyrirtækinu Fastus þar sem hann undirbýr sig fyrir keppnina. Hann segist vona að reynslan í París verði sæt en ekki bitur. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

### Sætir upplýsingamolar

Sandholtsbakaríið var stofnað árið 1920 af Stefáni Sandholt, langafa Ásgeirs Sandholts, sem nú undirbýr sig fyrir Barry Callebaut World Chocolate Masters keppnina, og Guðmundi Ólafssyni.

- Hægt verður að fylgjast með keppninni á vefnum freisting.is
- Barry Callebaut World Chocolate Masters-keppnin er stundum nefnd „Óskarinn í súkkulaðigerð“.
- Spænski herforinginn Cortés er líklega fyrsti Evrópubúinn sem smakkaði kakó, það gerði hann árið 1519 þegar hann fór á fund höfðingja Asteka í núverandi Mexíkó.*
- Það var ekki fyrr en árið 1847 sem fyrst var framleitt súkkulaði í þeirri mynd sem við þekkjum það í dag. Það var á Englandi.*
- Svissneski sælgætisframleiðandinn Daniel Peter gerði fyrsta mjólkursúkkulaðið árið 1876.*

*Heimild: Vísindavefur Háskóla Íslands.





15% afsláttur

af öllum pakkningastærðum af Nicorette fruitmint

2 mg 210 stk.

Nú kr. 4.278.-

Tilboðið gildir til 20. september n.k.

SKIPHOLTS APÓTEK

Skipholti 50b - Sími 551 7234 - Opið mánudaga - föstudaga kl. 9-18


## VEÐURSPÁ



**Elísabet Margeirsdóttir** veðurfréttamaður

**ÞOKKALEGT**

Ákveðin norðanátt á vestanverðu landinu í dag með vætu á Norður- og Norðvesturlandi þar sem sísta veðrið verður næstu daga. Þokkalegasta veður í öðrum landshlutum þar sem vindur verður fremur hægur og þurrt að mestu og nokkuð bjart syðra.



**Á MORGUN** 5-10 m/s V-til, annars hægari.

**MIÐVIKUDAGUR** 3-8 m/s.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 31° |
| Basel | 22° |
| Berlín | 22° |
| Billund | 21° |
| Frankfurt | 23° |
| Friedrichshafen | 21° |
| Gautaborg | 17° |
| Kaupmannahöfn | 18° |
| Las Palmas | 28° |
| London | 21° |
| Mallorca | 28° |
| New York | 26° |
| Orlando | 32° |
| Ósló | 18° |
| París | 22° |
| San Francisco | 22° |
| Stokkhólmur | 21° |

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is,* Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is,* Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is,* Laila Awad *laila@365.is,* Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is,* Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is,* Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is,* Ívar Örn Hansen *ivarorn@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR/FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is,* Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is,* Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is,* Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is,* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason *einar.skulason@365.is*




# Til hamingju með sigurinn!

Eimskip óskar KR til hamingju með bikarmeistaratitilinn og þakkar Þórsurum fyrir frábæran leik og hetjulega baráttu.

Eimskipafélag Íslands styður íslenska knattspyrnu og það forvarnargildi sem hún hefur fyrir íslenska æsku.

EIMSKIP
YFIR HAFIÐ OG HEIM

Eimskip | Korngörðum 2 | 104 Reykjavík | Sími 525 7000 | www.eimskip.is

KJÖRKASSINN



*Er réttlætanlegt að hækka innflutningstolla til að vernda innlendan landbúnað?*

| | |
|---|---|
| Já | 27,3% |
| Nei | 72,7% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Telurðu að nógu langt hafi verið gengið í niðurskurði í heilbrigðiskerfinu?*

Segðu þína skoðun á visir.is

Rýma þurfti Hótel Plaza þegar eldur kom upp í gærmorgun:

# Bilun í rafmótor orsök eldsvoða á Hótel Plaza

**BRUNI** Eldur kom upp í þakrými á Hótel Plaza í Aðalstræti um klukkan sex í gærmorgun. Eldurinn var nokkuð mikill þegar slökkvilið bar að garði en vel gekk að slökkva hann.

„Við fáum tilkynningu um klukkan tíu mínútur í sex um að reykur komi frá hótelinu. Allar stöðvar voru sendar á staðinn og þegar fyrsti bíll kemur á vettvang er greinilegt að reykur kemur frá hótelinu,“ sagði Oddur Helgi Hallgrímsson, varðstjóri hjá slökkviliðinu á höfuðborgarsvæðinu, í samtali við Vísi.

„Það var eldur í tæknirými í einni af viðbyggingunum og fór reykur inn í nokkur herbergi,“ segir Oddur og bætir við: „Svo virðist sem bilun hafi orðið í rafmótor sem keyrir loftræstikerfið áfram og kviknað hafi í honum.“

Oddur segir slökkvistarfið hafa gengið vel og að fólk hafi verið rólegt og yfirvegað. Fjöldi gesta var á hótelinu þegar eldurinn kom upp en rýma þurfti hótelið.

„Strætó kom með strætisvagna til að fólk gæti hvílt sig en það þurfti nú varla því veðrið var frábært. Síðan kom Rauði krossinn og aðstoðaði fólk, en það voru allir mjög yfirvegaðir og tóku þessu á rólegum nótum,“ segir Oddur.



**HÓTEL PLAZA** Vel gekk að ráða við eldinn en hann kom upp í tæknirými í viðbyggingu hótelsins. MYND/ÞÖK



**AUNG SAN SUU KYI** Ávarpaði þúsundir manna í borginni Bago í Búrma um helgina. NORDICPHOTOS/AFP

Yfirvöld vöruðu við ferðinni:

## Suu Kyi fór í pólitíska ferð

**BÚRMA** Aung San Suu Kyi fór um helgina í sína fyrstu pólitísku ferð út úr Rangoon, fyrrverandi höfuðborg Búrma, síðan henni var sleppt úr stofufangelsi í fyrra.

Suu Kyi hvatti til þjóðarsamstöðu, þegar hún heimsótti borgina Bago. Þúsundir manna voru viðstaddir þegar bílalest hennar fór í gegn um borgina. Yfirvöld í Búrma höfðu varað við því að ferð Suu Kyi gæti valdið óróa í landinu og öryggisverðir stjórnuðu bílalest hennar.

Suu Kyi opnaði bókasafn í borg nálægt Bago og voru 600 manns viðstaddir. - mmf

Vandræði í Frakklandi:

## Niðurskurður nauðsynlegur

**FRAKKLAND, AP Enginn hagvöxtur var í Frakklandi á öðrum fjórðungi þessa árs. Tölur þess efnis voru gefnar út í gær og voru ekki til að sefa áhyggjur fjárfesta af stöðu Frakklands.**

**Frönsk stjórnvöld munu í framhaldinu grípa til harðari niðurskurðar en áður var talið nauðsynlegt til að stemma stigu við langvarandi fjárlagahalla.**

**Orðrómur um slæma stöðu Frakklands hefur tröllriðið kauphöllum um allan heim síðustu daga. Meðal annars var látið í veðri vaka að Frakkland myndi falla niður um lánshæfisflokk.** - þj

# Norðurskautsríkin ræddu málefni norðurslóða í ísbrjóti

**Ráðuneytisstjóri og forstjóri Landhelgisgæslunnar sóttu ráðstefnu norðurskautsríkja á kjarnorkuísbrjótnum Yamal. Sigldu norður af Rússlandi og ræddu meðal annars auknar siglingar um norðausturleiðina.**

**NORÐURSLÓÐIR** Þrír fulltrúar frá Íslandi sóttu ráðstefnu Norðurskautsráðsins sem var haldin á ísbrjótnum Yamal norður af Rússlandsströndum í vikunni og lauk í fyrradag.

Skipið sigldi hina svokölluðu norðausturleið milli Atlantshafs og Kyrrahafs, en auknar skipasiglingar þá leið voru einmitt eitt umfjöllunarefna á ráðstefnunni.

Einar Gunnarsson, ráðuneytisstjóri í utanríkisráðuneytinu, og Georg Lárusson, forstjóri Landhelgisgæslunnar, sóttu ráðstefnuna ásamt fulltrúa Íslands í nefnd embættismanna Norðurskautsráðsins.

Öll aðildarríkin átta sendu fulltrúa sína á ráðstefnuna og samkvæmt upplýsingum frá utanríkisráðuneytinu var þar fjallað um öryggi og samvinnu á norðurslóðum, umhverfismál, þjóðréttarleg efni varðandi norðurskautið og ekki síst leit og björgun á norðurslóðum.

Hið síðastnefnda er eitt lykilmála Íslands í þessum efnum. Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra viðraði einmitt á fundi með starfssystur sinni Hillary Clinton í vor, hugmyndir um alþjóðlega leitar- og björgunarstöð á Íslandi.

Við lok ráðstefnunnar fylgdust þátttakendur einnig með almannavarnaæfingu undan ströndum Jakútíu.

Meðal þess sem fram kom á ráðstefnunni, sem Rússar stóðu fyrir, var að siglingar um norðausturleiðina milli Evrópu og Asíu eru þegar hafnar að nokkru leyti.

Sú leið er umtalsvert styttri og fljótfarnari en hefðbundnar leiðir suður fyrir Indland og um Súez-skurðinn og Miðjarðarhaf. Ástæðan fyrir þessari aukningu er að hafís á svæðinu hefur hopað verulega og er viðbúið að sú þróun haldi áfram.

Rússar sögðust jafnframt telja að ferðum myndi fjölga verulega á komandi árum.

Verði svo, segir í svari frá ráðuneytinu, er viðbúið að siglingunum muni fylgja margs konar áskoranir sem kalli á öflugt alþjóðlegt samstarf.

Ísland á ríkra hagsmuna að gæta í þessum málaflokkum, enda hefur verið rætt um að stórauka umferð um hafsvæðið í kringum landið kallaði meðal annars á samstarf um olíumengunarvarnir.

Þá fór Össur þess á leit við Hillary Clinton utanríkisráðherra Bandaríkjanna í vor að Bandaríkin og Ísland myndu efla samstarf á rannsóknum á norðurslóðum.

Einnig hafa verið uppi hugmyndir um alþjóðlega vöruflutningamiðstöð á Austfjörðum, sem gæti verið umskipunarhöfn fyrir vörur frá Asíu til Evrópu og Norður-Ameríku.

thorgils@frettabladid.is



**FUNDAÐ Á ÍSBRJÓTI** Rússneski ísbrjóturinn Yamal var viðeigandi samkomustaður norðurskautsríkjanna, enda eru auknar siglingar um norðausturleiðina eitt af helstu hagsmunamálum ríkjanna átta. MYND/MURMANSK SHIPPING COMPANY

### Norðurausturleiðin miklu styttri

Siglingaleiðin frá Qingdao í Kína til Norður-Evrópu er um 40% styttri en suðurleiðin um Súezskurð og Miðjarðarhaf. Skip sem fór norðurleiðina í fyrra var 15 dögum skemur á leiðinni en skip sem sigla hefðbundna leið.




**Guðni Arnar Guðnason**
**sérfræðingur í lyflækningum og innkirtlaefnaskiptasjúkdómum**
opnar hinn 5. september n.k. stofu í Læknasetrinu, Þönglabakka 6, 109 Reykjavík.
Tímapantanir í síma 535 7700

Þú færð Fréttablaðið á kostnaðarverði á 120 stöðum um land allt. Nánari upplýsingar á visir.is/dreifing
10 ÁRA
FRÉTTABLAÐIÐ 10 ÁRA
Allt sem þú þarft


Bjarni Benediktsson telur ekki tilefni til mótframboðs gegn sér á landsfundi:

# Vill draga ESB-umsóknina til baka

**STJÓRNMÁL** Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, vill að umsókn Íslands um aðild að Evrópusambandinu verði tafarlaust dregin til baka.

Þá segist Bjarni ekki velta sér mikið upp úr hugsanlegu mótframboði á landsfundi flokksins í nóvember. „Ég á ekki sérstaklega von á mótframboði og mér finnst ekkert sérstakt tilefni til þess. Mér finnst flokkurinn hafa verið í sókn og ég mun sækjast eftir því að leiða hann áfram til frekari sóknar,“ sagði Bjarni í samtali við fréttastofu Stöðvar 2.

Bjarni segir tvö ný atriði hafa komið fram í tengslum við Evrópusambandsumsóknina frá því að sótt var um.

„Í fyrsta lagi að mönnum hefur orðið það ljóst hér heima að við höfum nóg með okkar eigin mál. Til dæmis að ná saman fjárlögum til að eiga fyrir ríkisútgjöldum,“ segir Bjarni og bætir við: „Svo eru hlutir að gerast í Evrópusambandinu sem gera það mun minna eftirsóknarvert en áður að ganga inn í þetta samstarf. Það er ljóst að Evrópusambandið er að þróast í átt til þess að verða meira sambandsríki þar sem hvert og eitt aðildarríki þarf að gefa eftir af sínu forræði á sviði ríkisfjármála inn í miðstýringuna í Brussel. Það finnst mér vera mjög slæm þróun.“ - þþ



**BJARNI BENEDIKTSSON** Formaður Sjálfstæðisflokksins hyggst sækjast eftir því að leiða flokkinn áfram á landsfundinum í nóvember. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# SUMARDAGAR

**20-50%**
AFSLÁTTUR AF ÖLLUM HEILSURÚMUM

*Smíðum rafmagnsrúm í öllum stærðum!*

## ROYAL OG CLASSIC

**Hágæða fjölstillanleg rafmagnsrúm á 20% afslætti.**



**12 mánaða vaxtalaus VISA / EURO greiðsludreifingu**

# SUMARDAGAR

**Frí heimsending á hjónarúmum! / Tökum gamla rúmið upp í nýtt!**

## FAGLEG RÁÐGJÖF OG
## FRÍ LEGUGREINING

Komdu í heimsókn, prófaðu legugreininguna, og fáðu faglega ráðgjöf um val á heilsudýnum, án skuldbindinga!

**Vertu örugg/ur. Komdu í greiningu**

RúmGott býður öllum viðskiptavinum upp á fría legugreiningu með hinum byltingarkennda Xsensor Medical Pro búnaði.

### HVENÆR ER ÞÖRF Á LEGUGREININGU?

Finnurðu fyrir eymslum í mjóbaki?
Vaknarðu oft með verki í mjöðm?
Finnurðu fyrir eymslum eða dofa í öxlunum?
Sefurðu illa vegna annara óþæginda?

- hryggskekkju
- brjósklos
- samföllnum hryggjaliðum
- spengdum hryggjaliðum
- gigt, til dæmis:
- slitgigt, vefjagigt eða liðagigt.



### FREMSTIR Í FRAMLEIÐSLU Á HEILSUDÝNUM

**VIÐ FRAMLEIÐUM ÞITT RÚM EFTIR ÞÍNUM ÞÖRFUM**

**SÉRSMÍÐUM RÚM OG DÝNUR Í SUMARHÚS FELLIHÝSI OG TJALDVAGNA**

Löggiltir dýnuframleiðendur, starfandi í 60 ár

**RúmGott** · Smiðjuvegi 2 (við hliðina á Bónus) · Kópavogi · Sími 544 2121
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-16 · www.rumgott.is

VERSLUNIN Rúm Gott ÍSLENSK HEILSURÚM

**Lögfesting á greiðsluskyldu launagreiðenda til VIRK – Starfsendurhæfingarsjóðs frá og með september 2011**



Samkvæmt lögum sem samþykkt voru á Alþingi í júní síðastliðnum (breyting á lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða) þá ber öllum launagreiðendum að greiða 0,13% af heildarlaunum allra starfsmanna sinna til VIRK – Starfsendurhæfingarsjóðs frá og með 1. september 2011. Fram að þessum tíma hefur einungis verið kveðið á um greiðsluskyldu í kjarasamningum en nú nær hún samkvæmt lögum til allra launamanna, þar með talið til sjálfstæðra atvinnurekenda og þeirra sem ekki eru félagsmenn stéttarfélaga.

Launagreiðendum ber að standa skil á iðgjaldinu til viðkomandi lífeyrissjóðs með sama hætti og gildir um lífeyrisiðgjald og munu lífeyrissjóðir síðan ráðstafa gjaldinu til VIRK – Starfsendurhæfingarsjóðs.

Iðgjaldið veitir launamönnum réttindi til þjónustu hjá VIRK ef heilsubrestur leiðir til skertrar starfsgetu. Markmiðið er að auka getu til virkrar þátttöku á vinnumarkaði og draga þannig markvisst úr líkum á því að launafólk hverfi af vinnumarkaði vegna varanlegrar örorku, með aukinni virkni, starfsendurhæfingu og öðrum úrræðum.

Um er að ræða fjölbreytta þjónustu á sviði starfsendurhæfingar sem veitt er af sérhæfðum ráðgjöfum hjá sjúkrasjóðum stéttarfélaga sem og fjölbreyttum hópi sérfræðinga og fagaðila um allt land.

Nánari upplýsingar um VIRK – Starfsendurhæfingarsjóð er að finna á heimasíðu sjóðsins www.virk.is eða í síma 5355700.

VIRK
STARFSENDURHÆFINGARSJÓÐUR

ATARNA

www.virk.is



Þú færð Fréttablaðið á kostnaðarverði á 120 stöðum um land allt. Nánari upplýsingar á visir.is/dreifing

10 ÁRA 2001-2011

FRÉTTABLAÐIÐ 10 ÁRA 2001-2011

Allt sem þú þarft




**FYRSTI BÍLLINN MEÐ TVÍSKIPTRI TUNNU** Sorpbíll Gámaþjónustu Norðurlands er sá fyrsti á landinu með tvískiptri tunnu, og getur hann safnað tveimur flokkum af úrgangi í sömu ferð. MYND/GÁMAÞJÓNUSTA NORÐURLANDS

# Helmingi minna rusl

**Óflokkað heimilissorp frá Eyjafjarðarsvæðinu hefur minnkað um helming. Þrettán endurvinnslustöðvar voru bættar og flokkunartunnum var komið inn á hvert heimili á svæðinu.**

**UMHVERFISMÁL** Óflokkað heimilissorp á Akureyri hefur minnkað um helming frá síðasta hausti. Í ágúst 2010 setti Akureyrarbær af stað svokallaða B-leið í endurvinnslu á Eyjafjarðarsvæðinu og var flokkunartunnum komið á hvert heimili, sem eru um 7.230 talsins. Þrettán endurvinnslustöðvar víðs vegar um Akureyrarbæ voru endurbættar og nam kostnaður við hverja þeirra um 500 þúsund krónum, samkvæmt Helga Má Pálssyni, bæjartæknifræðingi og yfirmanni framkvæmdardeildar.

„Aðgerðirnar tóku lengri tíma en við áætluðum og kynningin hefði mátt vera betri," segir Helgi Már, en bætir við að árangurinn hafi þó ekki látið á sér standa eftir að verkefnið fór af stað. Eini kostnaðurinn fyrir bæinn hafi verið að reisa veggi í kringum endurvinnslustöðvarnar.

„En það er fljótt að borga sig þar sem mikil meðvitund er hjá íbúum um endurvinnslu. Það er óvíða sem fólk er svona meðvitað um þessa hluti og jákvætt yfir höfuð."

> Urðun óflokkaðs úrgangs hefur minnkað um helming síðan í haust og það er ánægjuleg niðurstaða.
>
> **HELGI PÁLSSON**
> GÁMAÞJÓNUSTU NORÐURLANDS

Innan við 50 prósent af óflokkuðu sorpi fer til urðunar miðað við það sem áður var. Sorpið, sem áður var keyrt á Glerárdal, er nú flutt til Stekkjavíkur hjá Blönduósi.

Helgi Pálsson, rekstrarstjóri Gámaþjónustu Norðurlands, tekur undir með Helga Má og segir fyrirtækið ekki hafa búist við því að útkoman yrði svona góð.

„Urðun óflokkaðs úrgangs hefur minnkað um helming síðan í haust og það er ánægjuleg niðurstaða," segir Helgi. „Við bjuggumst ekki við því að þetta yrði svo gott."

Helgi segir að á Akureyrarsvæðinu sé rík hefð fyrir flokkun og endurvinnslu. Akureyri hafi verið fyrst sveitarfélaga á landinu til að taka upp blaðaflokkunargáma og út frá þeirri þróun hafi þessi leið verið vel fær.

sunna@frettabladid.is

## Lífrænn úrgangur rúmlega fjórðungur

Óflokkaður heimilisúrgangur frá Akureyringum vó um 104 tonn í júní síðastliðnum, sem var 44,1 prósent af öllu sorpi. Hlutfall lífræns úrgangs var 26,8 prósent og endurvinnslustöðvar tóku 29,1 prósent.

Kostnaðurinn við urðun í Stekkjavík er 19 krónur á hvert kíló utan virðisaukaskatts, sem gerir tæpar tvær milljónir króna. Kostnaðurinn er vegna umhleðslu á Akureyri, flutnings og urðunar.

Rekstrarstjóri Gámaþjónustu Norðurlands, Helgi Pálsson, segir að hægt sé að miða við það að ef endurvinnslukerfið virkaði ekki sem skyldi, væri hægt að tvöfalda þennan kostnað. „Ef flokkun hefði ekki orðið svona góð eins og raunin er, hefði kostnaðurinn verið svakalegur. Breytingin er algjör," segir Helgi, sem telur að um fimm til sex hundruð tonn af sorpi frá svæðinu sé flutt til Stekkjavíkur til urðunar í hverjum mánuði.

Ílátin við heimili Eyfirðinga fyrir almennt sorp sem fer til urðunar rúma 240 lítra. Ofan í er 39 lítra dallur fyrir lífrænt eldhússorp sem verður að jarðvegi. Í endurvinnslustöðvar, sem eru víða í bænum, fer pappír, plast, pappi, járn, gler, fernur, kerti og rafhlöður.




# RISA ÚTSALA REKKJUNNAR

## KING KOIL
Queen Size rúm (153x203 cm)
FULLT VERÐ 163.600 kr.
ÚTSÖLUVERÐ
98.160 kr.
ÞÚ SPARAR 65.440 kr.

# 30-70% AFSLÁTTUR!



## KING KOIL
King Size rúm (193x203 cm)
FULLT VERÐ 264.223 kr.
ÚTSÖLUVERÐ
158.534 kr.
ÞÚ SPARAR 105.689 kr.

# 50% AFSLÁTTUR

## BALTIC PILLOW
King Size rúm (193x203 cm)
FULLT VERÐ 300.187 kr.
ÚTSÖLUVERÐ
150.094 kr.

## BALTIC PILLOW
Full XL rúm (135x203 cm)
FULLT VERÐ 243.423 kr.
ÚTSÖLUVERÐ
121.712 kr.



BALTIC PILLOW
- 5 svæðaskipt svefnsvæði
- Lagar sig að líkamanum
- Veitir fullkomna slökun
- Stuðningur við bak
- Tvíhert sérvalið stál í gormum
- Steyptir kantar
- 20% stærri svefnflötur

FYRSTIR KOMA -
AÐEINS ÖRFÁ STYKKI
FYRSTIR FÁ!

rekkjan
HEILSURÚM

Rekkjan ehf ·· Suðurlandsbraut 48 (Bláu húsin í Faxafeni) ·· 108 Reykjavík ·· 588 1955 ·· www.rekkjan.is ·· Opið virka d. 10–18 og lau 11–16



**HÁTÍÐ Í PAKISTAN** Pakistanska þjóðin hélt upp á þjóðhátíðardag sinn í gær, 14. ágúst. Pakistan fékk sjálfstæði frá Bretum þennan dag árið 1947. nordicphotos/afp

Var í krabbameinsmeðferð:

## Chavez kominn til Venesúela

**VENESÚELA Forseti Venesúela, Hugo Chavez, hefur snúið aftur til Venesúela eftir aðra umferð lyfjameðferðar sem hann fór í á Kúbu.**

**Ríkissjónvarpsstöðin sýndi myndir af komu forsetans en hópur ráðherra tók á móti honum á flugvellinum. Bauð forsetinn föðurlandinu góðan daginn á Twitter-síðu sinni í gær. Chavez tilkynnti í júní að læknar á Kúbu hefðu fjarlægt krabbameinsæxli úr líkama hans. Hann skilgreindi þó ekki nánar hvar krabbameinið hefði verið.**



HUGO CHAVEZ

**- mmf**

# Lítill vilji til þjóðaratkvæðagreiðslu um stjórnarskrá

**Stjórnarskrá Íslands geymir skýr ákvæði um hvernig breytingum á henni skal háttað. Samþykki tveggja þinga þarf til breytinga. Lítill vilji virðist vera til þjóðaratkvæðagreiðslu um drög að nýrri stjórnarskrá.**

**STJÓRNSÝSLA** Þingflokksformenn eru sammála um að mikilvægt sé að efna til opinnar umræðu í samfélaginu öllu um drög stjórnlagaráðs að nýrri stjórnarskrá lýðveldisins. Stjórnarskráin bindur hendur þingsins, en í henni er skýrt kveðið á um að samþykki tveggja þinga þurfi til að gera breytingar á henni. Óvíst er hvaða vægi þjóðaratkvæðagreiðsla um málið hefði.

Þórunn Sveinbjarnardóttir, formaður þingflokks Samfylkingarinnar, segir mikilvægt að landsmenn allir taki þátt í umræðu um málið. Nýta eigi tækifærið til að efla þekkingu á stjórnarskránni, samhliða því verkefni sem þingið á fyrir höndum. „Ég hef mikla sannfæringu fyrir því að ekki eigi að drífa sig í þessari vinnu. Við verðum að rýna tillögurnar og velta kostum og göllum fyrir okkur.“ Þórunn segir mögulegt að málið fari í þjóðaratkvæði þegar þar að kemur, sjálf hafi hún ekki hugsað svo langt.

Margrét Tryggvadóttir, þingflokksformaður Hreyfingarinnar, segist hafa mikla sannfæringu fyrir því að þjóðin fái að segja sína skoðun áður en þingið tekur málið til umfjöllunar. Æskilegt sé að mikil kynning fari fram á plagginu og hægt sé að kjósa sérstaklega um hvern kafla fyrir sig.

Því er Þuríður Backman, formaður þingflokks Vinstri grænna, ekki sammála. Hún telur að með slíkri kosningu glatist samfella og yfirsýn sem sé nauðsynleg til að taka afstöðu til nýrrar stjórnarskrá. Málið verður rætt á þingflokksfundi í dag. Hún er ekki afhuga þjóðaratkvæðagreiðslu í sjálfu sér, en bendir á að samkvæmt stjórnarskrá verði þingið að fjalla um málið.

Ragnheiður Elín Árnadóttir, formaður þingflokks Sjálfstæðisflokksins, segir þingflokkinn eiga eftir að fjalla formlega um málið. „Við vorum nú ekki helstu stuðningsmenn stjórnlagaþingsins né ráðsins þannig að aðferðafræðin í kringum þetta var ekki sú sem við hefðum valið. Við töldum að ekki væri fullreynt að þingið gæti sjálft, eins og núgildandi stjórnarskrá kveður á um, gert breytingar á stjórnarskránni sjálft.“

Sigurður Ingi Jóhannsson, varaformaður þingflokks Framsóknarflokksins, segir þjóðaratkvæðagreiðslu nú ekki hafa neitt lagalegt gildi. Eðlilegt sé að málið fari í þinglega meðferð. „Ég held að það sé mjög mikilvægt að við höldum okkur við lagalegar leiðir, við höfum gert nóg af því að fara keldur undanfarið.“ Hann telur mikilvægt að mikil umræða skapist í samfélaginu um málið.

kolbeinn@frettabladid.is



**ALMENNINGUR RÆÐI STJÓRNARSKRÁRDRÖGIN** Þingflokksformennirnir Þuríður Backman, Ragnheiður Elín Árnadóttir, Margrét Tryggvadóttir og Sigurður Ingi Jóhannsson vonast almennrar umræðu um stjórnarskrárdrögin. FRÉTTABLAÐIÐ/SAMSETT MYND






Verslanir opnar: mán-mið 11-19, fim 11-21, fös 11-19, lau 11-18 og sun 13-18 | www.smaralind.is | 528 8000

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Getur Ísland verið sjálfu sér nógt um mat og það sem þarf til að afla hans?

## Hvað er fæðuöryggi?

Sú stefna að hafa sem hörðust höft á innflutningi landbúnaðarafurða, leggja ofurtolla á erlenda búvöru og styrkja innlenda framleiðendur um háar fjárhæðir sem koma úr vösum skattgreiðenda er gjarnan réttlætt með því að verið sé að tryggja „fæðuöryggi“. Stefnan ber þessa dagana þann athyglisverða árangur að skortur er á ákveðnum kjöttegundum í búðum, af því að landbúnaðarráðherrann er svo harður á að tryggja fæðuöryggi!

SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Talsmenn „fæðuöryggis“ undir þessum formerkjum gefa í skyn að Ísland þurfi að vera og geti verið sjálfu sér nógt um mat. Hér sé hægt að framleiða búvörur til að fullnægja innanlandseftirspurn og engin þörf sé á að flytja þær inn.

Þegar betur er skoðað, er þessum rökum þó aðeins beitt þegar vörur sem framleiddar eru á Íslandi eiga í hlut; kjöt, mjólk, egg og nokkrar sortir af grænmeti. Þegar aðrar nauðsynjavörur eiga í hlut sem ekki eru framleiddar hér á landi, til dæmis korn, hrísgrjón og alls konar ávextir, á annað við, að ekki sé talað um þau ógrynni unninnar matvöru sem flutt er inn, til að mynda pasta, sultur, niðursuðumat og allt hitt. Innflutningur á þessum vörum er frjáls og oftast á lágum tollum. Samt eru þær jafnnauðsynlegar og hinar búvörurnar fyrir fjölbreytt og heilsusamlegt mataræði; með öðrum orðum þáttur í fæðuörygginu. Þetta sýnir í raun að hafta- og styrkjastefnan í landbúnaðinum er ekki fæðuöryggisstefna, heldur verndarstefna til að halda erlendri samkeppni frá einni atvinnugrein á Íslandi. Afleiðingin er að búvörur eru dýrari en þær þyrftu að vera. Er það fæðuöryggi?

Jafnvel þær vörur sem Íslendingar framleiða sjálfir yrðu ekki til nema vegna þess að innflutningur er greiður og frjáls á alls konar aðföngum sem þarf til að afla matarins. Bændur þurfa vélar og varahluti, olíu, áburð, rúlluplast og allt mögulegt annað til að geta framleitt mat handa okkur. Ef eitthvert ógnarástand kæmi upp, til dæmis ný heimsstyrjöld – sem stundum er nefnd sem (hæfilega nærtæk) röksemd fyrir því að verja innlenda matvælaframleiðslu með ríkisstyrkjum, höftum og tollum – yrði auðvitað ekkert frekar hægt að flytja olíu, dráttarvélar og áburð til landsins en kjúkling. Þannig er allt tal um sjálfbærni íslenzks landbúnaðar fullkomið píp.

Það sama á að sjálfsögðu við um fleiri atvinnugreinar. Tökum sjávarútveginn, aðra matvælagrein, sem dæmi. Íslendingar veiða margfalt meiri fisk en þeir sjálfir geta torgað. En hvað ef lokaðist á innflutning og sjávarútvegurinn fengi ekki skip, olíu, veiðarfæri og allt annað sem hann kaupir frá útlöndum? Hætt er við að treglega gengi að afla matar, bæði handa Íslendingum og til að flytja út.

Raunverulegt fæðuöryggi lítillar þjóðar, sem er háðari alþjóðlegum viðskiptum en flestar aðrar, felst þannig í sem frjálsustum milliríkjaviðskiptum og sem allra nánustu alþjóðlegu samstarfi, sem stuðlar að friði, stöðugleika og frjálsum flutningum í okkar heimshluta og um allan heim. Að hugtakið „fæðuöryggi“ sé í sífellu spyrt saman við einangrunarhyggju, höft og andúð á alþjóðlegu samstarfi er í rauninni bæði fáránlegt og sárgrætilegt.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871

Þú færð Fréttablaðið á kostnaðarverði á 120 stöðum um land allt. Nánari upplýsingar á visir.is/dreifing




FRÉTTABLAÐIÐ 10 ÁRA 2001-2011

Allt sem þú þarft

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Það er nú

„Vika er langur tími í pólitík“ er mögulega leiðinlegasti frasi sögunnar og glúrnustu gárungar geta ekki gert úr honum þolanlega setningu. Sé vika langur tími, eru tvö ár heil eilífð. Ummæli Bjarna Benediktssonar, formanns Sjálfstæðisflokksins, benda í það minnsta til þess að í tveimur árum sé mögulegt að taka slíkan viðsnúning í pólitík að unun er á að horfa. Bjarni var í viðtali á Bylgjunni í gær og sagði þá: „Ég er þeirrar skoðunar að við eigum að halda okkur utan Evrópusambandsins og það sé rangt að standa í aðildarviðræðum í dag og við eigum að hætta því.“

### Það var þá





Fyrir tveimur árum sagði sami Bjarni í viðtali við Fréttablaðið: „Ég er talsmaður þess að við tökum afstöðu til Evrópusambandsaðildar. Ég vil að að þjóðin öll komi að því að taka afstöðu til þess hvort sá efnahagslegi stöðugleiki sem fengist með evru, sé eftirsóknarverður kostur með tilliti til þeirra fórna sem færa þarf. Meginatriðið er að Sjálfstæðisflokkurinn er lýðræðissinnaður flokkur og við eigum að virkja lýðræðið til að fá niðurstöðu í þetta mál.“ Kannski Sjálfstæðisflokkurinn sé ekki lengur lýðræðissinnaður.

### Glöp skrifara

Í þessum dálki var á föstudag greint frá því að Reykjavíkurborg hefði, í borgarstjóratíð Hönnu Birnu Kristjánsdóttur, fengið áminningu, líkt og nú, vegna þess að ársreikningum var skilað of seint. Það er ekki rétt. Borgarstjórn nú fékk áminningu fyrir að skila þriggja ára áætlun of seint, opinbera áminningu og fjársekt. Í fyrra tilfellinu var um óopinbera áminningu frá Kauphöllinni að ræða sem brugðist var við. Beðist er velvirðingar á þessum mistökum.

kolbeinn@frettabladid.is

## HALLDÓR




## Vanhugsaður útflutningsskattur

Skattheimta



Þorsteinn Víglundsson
framkvæmdastjóri Samtaka álframleiðenda

Lilja Mósesdóttir alþingismaður hefur lagt til að lagður verði 10 prósenta skattur á allar útflutningstekjur sökum veikrar stöðu íslensku krónunnar undanfarin misseri. Telur Lilja eðlilegt að ætla að krónan muni styrkjast um 10 prósent þegar fram í sækir og því séu útflutningsfyrirtæki að fá 10 prósenta „meðgjöf“ við núverandi gengi. Áætlar Lilja að þessi skattur muni skila ríkissjóði árlega 80 milljörðum króna.

Það sem Lilja gleymir hins vegar er að allar útflutningsgreinar hafa einnig umtalsverð útgjöld í erlendri mynt. Útflutningsfyrirtæki flytja inn ýmiss konar aðföng, fjárfesta í vélum og búnaði, auk þess sem ýmsir innlendir útgjaldaliðir eru ýmist greiddir í eða tengdir erlendri mynt. Þetta á jafnt við um allar útflutningsgreinar, hvort sem horft er til stóriðju, sjávarútvegs eða ferðaþjónustu. Þá er kostnaðarverð vara hér á landi mjög háð gengi og hefur því hækkað verulega með fallandi gengi. Síðast en ekki síst fjármagna flest útflutningsfyrirtæki sig í erlendri mynt eftir föngum til að draga úr rekstraráhættu. Hreinar gjaldeyristekjur útflutningsgreina eru því allt aðrar og lægri en sem nemur útflutningsverðmæti þeirrar vöru eða þjónustu sem þau selja úr landi.

Lilja heldur því fram að útflutningsskattur raski ekki rekstrargrundvelli útflutningsfyrirtækja né samkeppnishæfni þeirra. Sú fullyrðing stenst enga skoðun. Ef litið er til áliðnaðar námu útflutningstekjur iðnaðarins 225 milljörðum á síðasta ári. Árleg skattbyrði samkvæmt hugmyndum Lilju yrði því liðlega 22 milljarðar. Hreinar gjaldeyristekjur áliðnaðar, námu hins vegar 100 milljörðum króna á síðasta ári. Þar af greiddi iðnaðurinn um 80 milljarða króna í innlendan rekstrarkostnað þ.m.t. til raforkukaupa. Þá er ótalinn fjármagnskostnaður og afskriftir. Útflutningsskattur Lilju myndi því þurrka út rekstrarhagnað greinarinnar og gott betur.

Svipað væri á komið með flestum öðrum útflutningsgreinum. 80 milljarða skattheimta á útflutningsgreinar myndi þó ekki aðeins kippa rekstrargrundvelli undan þorra þessara fyrirtækja. Slík skattheimta myndi koma í veg fyrir frekari fjárfestingu og vöxt í útflutningsgreinum, sem er það sem íslenska hagkerfið þarf einna helst á að halda nú. Frekari skattheimta er ekki lausnarorðið í fjárhagsvanda ríkissjóðs nú heldur verðum við að taka höndum saman og auka útflutning og örva þar með hagkerfið. Hugmyndir af þessu tagi stuðla ekki að því.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Kögun og kúgun

Í DAG



Guðmundur Andri Thorsson
rithöfundur

Deyr fé osfrv... en orðstír deyr aldregi, hveim sér vondan getur. Þannig að þegar menn eru að víla og díla og græða þurfa menn helst að muna eftir því líka. Á því hefur orðið misbrestur.

Eins og þeir hafa verið að komast að raun um hver af öðrum Bólufurstarnir getur eitt gjaldið fyrir auðsæld og veraldleg völd verið sjálf æran. Og menn gera sér ekki grein fyrir verðmæti hennar fyrr en þeir hafa misst hana og sjá ekki fram á að vinna hana aftur. Það er ekki hægt að endurheimta æru sína með ímyndarmöndli, fréttatilkynningum, sjóðastofnununum, greinarskrifum, lagaálitum, lofdýrðarkvikmyndum, kröfugerðum, heitingum og kúgunartilburðum – og hvað þá málaferlum.

Æran er það orð sem fer af okkur. Hún er það mat sem annað fólk leggur á störf okkar og persónu. Hún er álit annars fólks þegar það kagar okkur (að ‘kaga’ þýðir að ‘skyggnast um’ eða ‘horfa yfir’). Hún er niðurstaðan af kögun. Hafi einhver orðið til þess að vekja almenna vanþóknun vegna framgöngu sinnar getur hann ekki krafist velþóknunar. Við getum ekki mætt með lögfræðing heim til annars fólks og stefnt því til að líka vel við okkur.

**Menningarvitar**

Menningarvitar okkar tíma eru bloggararnir. Þeir eru vitnisburður um það hvaðan og hvernig vindurinn blæs hverju sinni – hvernig talað er þarna úti, á kaffistofunum, í eldhúsunum, strætisvögnunum og heitu pottunum. Auðvitað eru þeir misjafnir en einn af þeim betri er Teitur Atlason. Hann hefur í nokkur ár skrifað blogg hér og þar á netinu, nú síðast hjá dv.is. Hann skrifar af heilindum en er stundum heldur kjaftfor og dómharður. Hann er afdráttarlaus og hreinskilinn um sjálfan sig og aðra, dregur ekki undan og ekki af sér; hann getur verið gífuryrtur, skapvondur, fljótfær og vondur í stafsetningu en líka orðheppinn, klár og fyndinn. Stundum skiptir hann um skoðun, sem hér á landi er af sumum haft til marks um ístöðuleysi þar sem gjarnan er litið á skoðanaskipti eins og íþróttakeppni fremur en sannleiksleit. En þeir einir skipta aldrei um skoðun sem annaðhvort hafa ekki hugsað nýja hugsun árum saman eða eru að gæta einhverra hagsmuna. Hvorugt gildir um Teit. Hann gætir engra hagsmuna. Jean-Paul Sartre sagði að menningarvitar væru fólk sem allt af sé að skipta sér af því sem því kemur ekki við. Þannig er Teitur einmitt: hann er fulltrúi þeirra sem ekkert eiga en leita sannleikans. Í öllu sem hann skrifar skynjar maður þrá eftir réttlætinu og sannleikanum.

Honum ofbauð tal Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar um að fólk sem vildi samninga í Icesave-málinu tilheyrði „elítunni“ og rifjaði upp hvernig fjölskylda Sigmundar auðgaðist á sínum tíma á pólitískum tengslum við Framsóknarflokkinn en Gunnlaugur Sigmundsson eignaðist stóran hlut í mjög ábatasömu fyrirtæki sem vann fyrir herinn í kjölfar starfa sinna fyrir utanríkisráðuneyti Framsóknarflokksins.

> Gunnlaugur Sigmundsson mun ekki endurheimta æru sína úr klóm Teits Atlasonar. Hún er ekki þar. Hún er vakin af verkum hans sjálfs, framgöngu hans, orðum og persónuleika.

Gunnlaugur Sigmundsson hefur sem sé stefnt Teiti fyrir meiðyrði, um leið og hann segir málið „eitt allsherjarbull í gölnum manni“. Trúi hann því sjálfur hefur Gunnlaugur þannig geð í sér til að heimta milljónir króna af gölnum manni fyrir skrif sín. Þau skrif eru reyndar meira og minna upp úr gamalli grein eftir Agnesi Bragadóttur sem Gunnlaugur lögsótti ekki á sínum tíma. Kannski að hún sé ekki nógu galin fyrir hann.

**Stóra samhengið**

Kögunarmálið hefur ekki vaxið fram í tómarúmi heldur hefur fólk séð það í tilteknu samhengi, hvort sem Gunnlaugi er ljúft eða leitt, það hefur jafnvel þótt dæmigert fyrir það sem aflaga hefur farið í íslensku samfélagi frá lýðveldisstofnun, þar sem góð tengsl í stjórnmálaflokkunum, einkum Framsókn og Sjálfstæðisflokki, hafa veitt mönnum aðgang að tilteknum gæðum sem flokkarnir útdeildu, ekki síst í hermanginu þar sem sérstökum vildar- og venslamönnum þessara flokka var veittur einkaaðgangur að framkvæmdum fyrir ameríska herinn. Kögunarmálið snýst um jarðýtur og gröfur okkar tíma; tæknibúnað og tölvulausnir; fyrirtækið var stofnað af Þróunarfélagi Íslands kringum loftvarnakerfi NATÓ á Íslandi. Gunnlaugur Sigmundsson var skipaður forstjóri Þróunarfélagsins af formanni Framsóknarflokksins, Steingrími Hermannssyni, og sjálfur varð hann þingmaður Framsóknarflokksins. Hann eignaðist stóran hlut í Kögun en Þróunarfélagið hafði áður selt sinn hlut í félaginu á verði sem margir telja hafa verið alltof lágt miðað við það sem síðar kom á daginn um verðmæti félagsins. Hann getur alveg áreiðanlega „útskýrt allt“ – og verður bara að halda áfram að gera það uns honum tekst að sannfæra fólk um að hann hafi einn af hyggjuviti sínu séð eitthvað sem aðrir sáu ekki. En Teitur –hvort sem hann er galinn eða ógalinn eins og við hin teljum – hefur þau mannréttindi að finnast Gunnlaugur Sigmundsson hafa með refskap og pólískum tengslum sölsað undir sig verðmæta eign almennings – og segja það fullum fetum án þess að vera gerður gjaldþrota fyrir.

Gunnlaugur Sigmundsson mun ekki endurheimta æru sína úr klóm Teits Atlasonar. Hún er ekki þar. Hún er vakin af verkum hans sjálfs, framgöngu hans, orðum og persónuleika. Gunnlaugur getur ef til vill fengið einhver orð Teits dæmd dauð og ómerk og hugsanlega þjónað lund sinni með því að setja Teit á höfuðið. En orðstírinn verður alltaf á sama stað, hveim sér vondan getur.


Geymdu þessa auglýsingu

*Nám í viðurkenndum tölvuskóla - skráðu þig núna:*

Tölvunám sem gefur þér forskot



**Excel nám**
Pivottöflur í Excel
Excel I: Almenn töflureiknisnotkun
Excel IIa: Framhaldsnámskeið
Excel IIb: Fjármálastjórn og bókhald
Excel III: Fjölvar og forritun

**Outlook nám**
Outlook I: Póstur, dagbók, verkefni
Outlook II: Tímastjórn og verkefni

**Word nám**
Word I: Almenn ritvinnsla
Word II: Framhaldsnámskeið
Vinnsla langra skjala í Word
Dreifibréf og markpóstur með Word

**PowerPoint nám**
PowerPoint I: Almenn glærugerð
PowerPoint II: Framhaldsnámskeið

**Ljósmyndun og myndbönd**
Stafræn ljósmyndun
Ljósmyndavinnsla með Picasa
Photoshop Elements
Stafræn myndbandagerð

**Access nám**
Access I: Almenn gagnagrunnsgerð
Access II: framhaldsnámskeið

**Windows og Internet nám**
Windows 7 fyrir byrjendur
Windows 7 nýjungar
Internetið og tölvupóstur

**Fingrasetning og hugarkort**
Fingrasetning - tölvuvélritun
Hugarkort - MindMaps

**Office 2010 nýjungar**
Office 2010 hvað er nýtt?

**Vefsíðugerð**
DreamWeaver vefsíðugerð
Joomla vefsíðugerð
DreamWeaver og Photoshop
DreamWeaver, Photoshop og Flash
Vefhönnun og margmiðlun

**Flash nám**
Flash I: Margmiðlun
Flash II: Action Script forritun
Flash I og II

**Photoshop nám**
Photoshop I: Myndvinnsla
Photoshop II: Framhaldsnám
Photoshop I og II

**Forritunarnám**
Diplómanám í forritun
Visual C# og ASP .NET forritun
Visual C# forritun
ASP .NET vefforritun
Gagnagrunnsfræði
Silverlight forritun
SQL grunnur

**Verkefnastjórnunarnám**
Hagnýt verkefnastjórnun
PRINCE2 verkefnastjórnun
Microsoft Project verkefnastjórnun

**Tölvuþjónustunám**
Tölvuþjónustunám

**Stjórnun tölvumála**
Stjórnun tölvumála

**Almennt tölvunám**
Almennt tölvunám
Almennt tölvunám - stutt

**Tölvunám fyrir 50+**
Tölvunám fyrir 50+
Tölvunám fyrir 50+ - stutt

**Bókhaldsnám**
Hagnýtt bókhaldsnám
Hagnýtt bókhaldsnám II
Hagnýtt bókhald I og II
Excel grunnur fyrir bókhald

**Skrifstofunám**
Tölvu- og bókhaldsnám

PROMETRIC Testing Centre
PEARSON VUE Authorized Centre Select

*Hver lína í upptalningu hér fyrir ofan á við sjálfstætt nám eða námskeið hjá okkur*

- VR, Efling og flest önnur stéttarfélög styðja félagsmenn sína til náms hjá okkur
- Afsláttur er veittur atvinnulausum og til félaga í VR, Eflingu, SFR og mörgum öðrum félögum
- 30 daga ókeypis símaþjónusta að loknu námi
- Ókeypis forfallatrygging felur í sér að þú getur bætt þér upp veikindi og forföll, innan árs
- Vinnumálastofnun styður atvinnulausa til náms hjá okkur skv. reglum stofnunarinnar.

**Einkakennsla og fyrirtæki**
Fáðu einkakennslu til að ná betri tökum á tölvunni og þeim forritum sem þú notar.
Hagstætt verð fyrir fyrirtæki á sérnámskeið.

*Skoðaðu ítarlegri upplýsingar um þessi vönduðu námskeið á vef okkar www.tv.is eða hringdu í okkur í síma 520 9000*

Viðurkenndur tölvu- og stjórnunarskóli í meira en 25 ár. Tölvuráðgjöf og prófmiðstöð
Grensásvegi 16 | 108 Reykjavík | Sími: 520 9000 | Fax: 520 9009 | tv@tv.is

www.tv.is

TÖLVU- OG VERKFRÆÐIÞJÓNUSTAN



*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Grétar Jónsson**
Höfða, Akranesi,

andaðist 9. ágúst. Útförin fer fram frá Akraneskirkju fimmtudaginn 18. ágúst kl. 14.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Dvalarheimilið Höfða.

**Hrefna Grétarsdóttir** **Árni Sigurðsson**
**Þórarinn Grétarsson** **Guðbjörg Vera Kristinsdóttir**
**og afabörn.**



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Pálína Sveinbjörg Andrésdóttir**
Hrafnistu, Reykjavík,

lést þann 4. ágúst. Útför hennar fer fram frá Fossvogskirkju þriðjudaginn 16. ágúst kl. 13.00.

**Davíð Garðarsson** **Gerd Gardarsson**
**Hjörtur Pálsson** **Ragnhildur G. Hermannsdóttir**

**Ólöf Ingibjörg, Jón Garðar, Guðlaugur Magni, Davíð Jóhann, Páll, Andrés Brynjar, Unnur Ósk, Birgir Páll, Hermann Jakob, langömmubörn og aðrir aðstandendur.**



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Magnús Karl Pétursson**
læknir,
Einilundi 1, Garðabæ,

sem lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi að morgni 9. ágúst verður jarðsunginn frá Dómkirkjunni í Reykjavík þriðjudaginn 16. ágúst klukkan 15.00. Þeim sem vildu minnast hans er bent á Hjartavernd.

**Ingibjörg Pétursdóttir**
**Ólafur Tryggvi Magnússon** **Björg Vilhjálmsdóttir**
**Magnús Karl Magnússon** **Ellý Katrín Guðmundsdóttir**
**Atli Freyr Magnússon** **Steinunn Gestsdóttir**
**Ásdís Magnúsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,*

**Svanur Kristjánsson**
Hafnarbergi 16, Þorlákshöfn,

lést á Landspítalanum við Hringbraut miðvikudaginn 10. ágúst. Útförin fer fram frá Þorlákskirkju miðvikudaginn 17. ágúst kl. 14.00.

**Edda Laufey Pálsdóttir**
**Laufey Elfa Svansdóttir** **Tor Ulset**
**Páll Kristján Svansson** **Kristín Berglind Kristjánsdóttir**
**Guðrún Ingibjörg Svansdóttir** **Bjarni Jónsson**
**og barnabörn.**




**Legsteinar og fylgihlutir**
- Mikið úrval
- Yfir 40 ára reynsla
- Sendum myndalista

**MOSAIK** Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 www.mosaik.is


Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is**.

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000**.

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**STIEG LARSSON** (1954-2004) rithöfundur fæddist þennan dag.

*„Vinátta er líklega algengasta form ástar."*

**ÞETTA GERÐIST:** 15. ÁGÚST 1933

## *Lindbergh kemur til Íslands*



Þennan dag árið 1933 kom flugkappinn Charles Lindbergh til Íslands. Hann kom til Íslands frá Grænlandi ásamt konu sinni. Hann lenti á Viðeyjarsundi og gisti ásamt konu sinni í vélinni yfir nótt. Þau hjónin flugu síðan áfram norður og austur um land og fóru frá Eskifirði til Færeyja 23. ágúst.

Tilgangur Lindberghs var að kanna flugleiðina yfir Atlantshaf fyrir Pan-American-flugfélagið sem hafði hug á að hefja flugrekstur á þessari leið. Charles varð heimsfrægur yfir nótt árið 1927 þegar hann flaug viðstöðulaust og einn yfir Atlantshafið, frá New York til Parísar. Síðar komst Lindbergh einnig í fréttirnar þegar ungum syni þeirra hjóna var rænt og hann myrtur.

Heimild: Wikipedia og Ísland í aldanna rás.



**ÁHUGAMAÐUR UM FUGLA** Matthías Bjarnason er með veglegt safn uppstoppaðra fugla á skrifstofu sinni. Hann hefur þó aldrei skotið fugl. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

MATTHÍAS BJARNASON, FV. ALÞINGISMAÐUR OG RÁÐHERRA: NÍRÆÐUR Í DAG

# Vann vel fyrir kaupinu sínu

Matthías Bjarnason fæddist á Ísafirði 15. ágúst 1921. Hann lauk verslunarprófi frá VÍ árið 1939 og gegndi ýmsum störfum og rak verslun í fæðingarbæ sínum. Hann var fyrst kjörinn á Alþingi fyrir Sjálfstæðisflokkinn árið 1963 og sat samfellt sem þingmaður flokksins til 1995. Hann var ráðherra í ríkisstjórn Geirs Hallgrímssonar 1974 til 1978 og Steingríms Hermannssonar 1983 til 1987.

Spurður að því hvernig hann hafi það segir hann: „Mér líður ágætlega, ég hef nóg að bíta og brenna." Hann segist ekki hugsa allt of mikið um pólitík. En um það hvort honum þyki ekki gott að vera laus við ábyrgðina segir hann eftir smá umhugsun: „Jú, jú, ég tel að ég hafi unnið mjög vel fyrir kaupinu mínu. Enga eftirvinnu haft eða næturvinnu."

En hverju er hann nú stoltastur yfir að hafa áorkað um ævina? „Ég var auðvitað afskaplega ánægður þegar ég stofnaði togarafélag á Ísafirði, við keyptum togarann Ísborg og síðar Sólborg. Við stofnuðum hlutafélag sem rak þessi skip og þetta var langstærsti atvinnurekandinn í kaupstaðnum í nokkur ár. En svo hallaði undan fæti í togaraútgerð almennt," segir Matthías og minnist þess að þá hafi verið móðins að togarar væru í eigu bæjarfélaganna.

„Við sjálfstæðismenn á Ísafirði misstum meira að segja meirihlutann fyrir það að vilja ekki stofna bæjarútgerð. Við vorum í samstarfi við vini okkar kommana, og kratarnir auðvitað börðust algjörlega á móti þessu," segir Matthías sem byggði ásamt þróttmiklum mönnum á góðum aldri stærðar frystihús sem enn stendur, þótt það hafi farið á hausinn á sínum tíma.

„Ég var nú svo ólánsamur að lenda í því að verða sjávarútvegsráðherra þegar verst stóð á. Þá var afli útlendinga, Breta og Þjóðverja aðallega, um helmingur af bolfiskafla landsmanna, svo á þeim tíma færðum við út í 200 mílur. Það fannst mörgum óþarfi að gera," segir Matthías um afrek sín í stjórnmálum.

Matthías hefur alltaf verið á móti kvótakerfinu og ætlar sér ekki að skipta um skoðun. „Að sumu leyti get ég tekið undir þetta kerfi sem núverandi sjávarútvegsráðherra setti á, þetta strandkerfi. En hann er eiginlega búinn að eyðileggja það sem var gott við það," segir Matthías.

Rifjað er upp að Matthías hafi verið kallaður járnkarlinn í ráðherratíð sinni. Hann hlær góðlátlega. „Maður fékk mörg heiðursnöfn og öfugt. Þetta voru afskaplega slítandi ár og óskaplega harðir dómar sem voru kveðnir upp yfir manni. Einu sinni sat ég heima hjá mér í Garðabæ, var einn í húsinu og þá hringir maður sem segir mig vera landráðamann og að hann væri að koma að skjóta mig. Ég sagði við þennan mann: „Já, komdu þá bara. Ég er með fína skammbyssu hérna á borðinu hjá mér. Ég skal ekki vera lengi að kála þér!" Ég var ekki með neina byssu og hef aldrei skotið úr byssu á ævinni! Ég var ekkert smeykur og hann kom aldrei," segir Matthías en hann hafði frá svo mörgu áhugaverðu að segja að það hefði getað fyllt heilt blað.

nielsg@365.is

AFMÆLI



**STEINAR BRAGI** rithöfundur er 36 ára.



**BEN AFFLECK** leikari er 39 ára.



**DEBRA MESSING** leikkona er 43 ára.



**VIGDÍS GRÍMSDÓTTIR** rithöfundur er 58 ára.

## Merkisatburðir

**1914** Panamaskurðurinn er opnaður fyrir skipaumferð.

**1936** Tíu atvinnulausir stúdentar byrja að grafa fyrir grunni væntanlegs Háskóla Íslands við Suðurgötu í Reykjavík. Skólahúsið er svo formlega tekið í notkun 17. júní 1940.

**1945** Síðari heimsstyrjöldinni lýkur með því að Japanar gefast upp.

**1945** Kórea fær sjálfstæði frá Japan.

**1969** Woodstock-tónlistarhátíðin hefst í New York-fylki í Bandaríkjunum.

**1971** Minnisvarði um Stefán Ólafsson skáld er afhjúpaður. Hann stendur í Vallanesi í Suður-Múlasýslu, þar sem Stefán þjónaði sem prestur.



**Fyrsta doktorsvörnin í íþrótta- og heilsufræði** við íslenskan háskóla fer fram í dag. Þá ver Kristján Þór Magnússon lýðheilsufræðingur doktorsritgerð sína Hreyfing og þrek 7 og 9 ára Íslendinga. Doktorsvörnin fer fram í Hátíðarsal Háskóla Íslands klukkan 10.

# ;ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ **Sölufulltrúar:** **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Brynja Dan Gunnarsdóttir** brynjadan@365.is 512-5465 **Snorri Snorrason** snorris@365.is 512

friendtex

# ÚTSALA



SÍÐASTA VIKAN
2 FYRIR 1 AF
ÖLLUM FATNAÐI

**Opnunartími:**
mánud. - föstud. kl. 11:00 - 18:00 laugard. 11.00-14.00

Bonito ehf. Friendtex
Faxafen 10, 108 Reykjavík, sími: 568 2870 - www.friendtex.is

GEZE

**Fyrirtæki - Húsfélög**

**Við bjóðum upp á sjálfvirkan hurðaopnunarbúnað ásamt uppsetningu og viðhaldi.**



Auðveldar aðgengi, hentar vel fyrir aðgengi fatlaðra.
Áratuga reynsla af búnaði tryggir gæðin.

JÁRN&GLER **Járn & Gler hf. Skútuvogur1h.** Barkarvogsmegin - 104 Reykjavík
s: 58 58 900 www.jarngler.is

**Elín Kristín Scheving Guðrúnardóttir er handóður heklari sem heldur úti bloggi um hekl.**

# *Heklgraffar á kvöldin*

„Ég hef voða gaman af handavinnu. Heklið er líka róandi. Ég er með athyglisbrest og heklið hjálpar mér að sitja kyrr fyrir framan sjónvarpið," útskýrir Elín Kristín Scheving Guðrúnardóttir en hún leggur nánast aldrei frá sér heklunálina. Elín titlar sig sem heklara í símaskránni og heldur auk þess úti bloggsíðu um hekl. Heklið byrjaði sem áhugamál en er nú orðið að hennar sérkenni.

;FRAMHALD | 2



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# SUMARTILBOÐ

## OG NÝJAR VÖRUR



**70%**
**afsláttur**
**af pífu pilsum**
**á rúm**
Er til rykkt og slétt, í mörgum litum og stærðum.

12 mánaða vaxtalausar greiðslur

**BOAS SVEFNSÓFI**
Tilboð 127.425,-

**Stóri stuðningspúðinn kominn aftur**
**19.900**

Svefn & heilsa
★★★★★
www.svefn.is

**Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150 - Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00**



**Sýningin Íslensk samtímahönnun** - húsgögn, vöruhönnun og arkitektúr verður sett upp í Tallinn í Finnlandi í ágúst. Opnunardagur er 17. ágúst en forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, opnar sýninguna formlega þann 21. ágúst en þann dag er Íslands-dagurinn í Tallinn.






„Ég vel það sem er fallegast og ferskast hverju sinni," segir matreiðslumeistarinn Júlíana Skarphéðinsdóttir. MYND/HEIÐA.IS

# Grilluð ávaxtaspjót með sunnudagssósu

**Suðrænir ávextir og safarík ber eru alltaf viðeigandi í eftirrétt og af grillinu enn gómsætari en ella. Júlíana Skarphéðinsdóttir, matreiðslumeistari á Akureyri, útbjó nokkur safarík ávaxtaspjót.**

„Það var allt til í búðunum sem mig vantaði, hjartalaga sykurpúðar meira að segja," segir Júlía hress. Hún kveðst jafnan velja það sem er fallegast og ferskast hverju sinni þegar hún býr til grilluð ávaxtaspjót og ávaxtakörfur.

Júlía rekur Veisluþjónustuna hf. og þarf því oft að snara fram lystugum réttum á færibandi. Í ágúst ætlar hún líka að opna nýtt steikhús á Akureyri, í gömlu Lindu-verksmiðjunum við Hvannavelli. Þennan daginn fóru eftirtaldar tegundir á spjótin og í körfuna.

## ÁVAXTASPJÓT

Suðrænir og safaríkir



Jarðarber
Kirsuber
Vínber
Ananas
Mangó
Sykurpúðar
Bláber
Vatnsmelóna

*Skerið vatnsmelónuna, ananasinn og mangóið í bita. Þræðið bitana, ásamt jarðarberjum, kirsuberjum og sykurpúðum upp á spjót og grillið þau í nokkrar mínútur. Stingið spjótunum í afskurðinn af melónunni eða ananasinum.*

**Sunnudagssósa**

1 peli rjómi
1 dós 18% sýrður rjómi
1 tsk. púðursykur
6 kókosbollur

*Þeytið rjómann og hrærið hitt út í með sleif.*




Framhald af forsíðu

„Ég ákvað að setja upp bloggið, því fólkið í kringum mig var orðið leitt á að hlusta á mig tala endalaust um hekl. Svo er líka erfitt að finna nokkuð um hekl á íslensku og mig langaði líka bara að sýna hvað ég væri að gera," segir Elín.

Hún lærði að prjóna þegar hún var lítil en gafst upp á prjónaskapnum, þar sem hún var alltaf að missa niður lykkjur. Heklið átti betur við hana og nú hefur hún heklað stanslaust í fimmtán ár. „Heklið er svo einfalt. Í því er miklu auðveldara að laga mistök, eða fela þau," segir hún sposk og sér fyrir sér að gera handavinnuna að atvinnu.

„Ég ætlaði að verða eitthvað annað en svo hef ég bara svo gaman af þessu. Helst vildi ég geta setið við handavinnu allan daginn og þess vegna datt mér í hug að verða handavinnukennari. Ég er að fara í skólann í haust."

Heimili Elínar er undirlagt af hekli. Hún hefur heklað ótalmörg teppi og upp á síðkastið hefur hún heklað utan um krukkur. Krukkurnar notar hún undir smáhluti og snyrtidót og sem kertastjaka. „Ljósið kemur mjög fallega gegnum heklið. Ég hef selt nokkrar krukkur og eins getur fólk keypt af mér uppskriftirnar gegnum bloggsíðuna, ef það vill prófa sjálft."

Elín situr þó ekki allar stundir í sófanum heima við hekl. Hún á það til að fara út seint á kvöldin og „heklgraffa" niðri í bæ.

„Ég vil helst ekki að það sjáist til mín," segir hún og hlær. „Ég sá þetta fyrst á Flickr og fannst þetta skemmtilegt. Það eru einhverjar að þessu hér í bænum og það er eins með þetta og annað graffití, þær eru með tögg, eitthvað ákveðið blóm eða munstur svo það sést hverjir hafa verið að verki. En ég er reyndar ekki enn þá komin með svoleiðis, þetta er bara svo skemmtilegt."

Slóðin á bloggsíðu Elínar er www.handod.blogspot.com.

heida@frettabladid.is



Elín á það til að laumast út í kvöldrökkrinu og „heklgraffa" niðri í bæ. MYND/ÚR EINKASAFNI






# FASTEIGNIR.IS

33. TBL. 15. ÁGÚST 2011

vísir.is FRÉTTABLAÐIÐ







Bogi Pétursson, lögg. fasteignasali
Finnbogi Hilmarsson, lögg. fasteignasali
Andri Sigurðsson, lögg. leigumiðlari
Tryggvi Kornelíusson, sölufulltrúi

**Pantaðu frítt söluverðmat án skuldbindinga!**

**Sími 530 6500**
heimili@heimili.is

**Á Heimili fasteignasölu starfa öflugir fasteignasalar með áratuga reynslu í faginu sem eru tilbúinir að vinna fyrir þig með vönduð vinnubrögð að leiðarljósi.**

**Okkar verkefni eru:**
- Sala og kaup íbúðarhúsnæðis
- Sala og kaup atvinnuhúsnæðis
- Sala og kaup sumarhúsa
- Leigusamningsgerð
- Verðmöt
- Ráðgjöf á fasteignamarkaði

heimili FASTEIGNASALA

RE/MAX Senter



Ástþór Reyni Guðmundsson
Lögg. fasteignasali



Auður Kristinsdóttir
Sölufulltrúi RE/MAX

**Vantar allar gerðir eigna á skrá**

Verðmetum eign þína þér að kostnaðarlausu

**Sími 824 7772**

audur@remax.is

Auður Kristinsdóttir
Sölufulltrúi RE/MAX Senter


Þú færð Fréttablaðið á kostnaðarverði á 120 stöðum um land allt.

FRÉTTABLAÐIÐ 10 ÁRA 2001-2011 MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI




Húsið stendur á 1.248 fm lóð en er sjálft 324,7 fm að stærð.

# Algerlega endurnýjað

**Fasteignamarkaðurinn hefur til sölu einbýlishús í Einilundi í Garðabæ.**

Húsið er 324,7 fermetrar og á frábærum útsýnisstað við opið svæði á grónum stað í Garðabæ. Lóðin er 1.248 fm að stærð, gróin og falleg.

Húsið var algerlega endurnýjað árið 2007 á mjög vandaðan og smekklegan máta.

Húsið skiptist þannig: Á efri hæð eru forstofa, hol, gestasalerni, þvottaherbergi með forstofu inn af og útgangi á lóð, setustofa með útgangi á svalir, gangur, baðherbergi, fjögur barnaherbergi, hjónaherbergi með baðherbergi inn af og stórt eldhús með arinstofu inn af með gasarni og útgangi á lóð.

Á neðri hæð eru þrjú stór herbergi, þar af tvö með útgangi á lóð. Mögulegt væri að gera séríbúð á neðri hæð hússins.

Allar innréttingar í húsinu eru hvítar háglans og sérsmíðaðar af Heggi. Afar vönduð tæki eru í eldhúsi, meðal annars innfelld kaffivél, gufuofn og blásturs-ofn í innréttingu og spanhelluborð í eyju.

Húsið að utan er í góðu ástandi og nýmálað. Bílskúrshurðir eru nýjar og bílskúr flísalagður.

**Fasteignasala Mosfellsbæjar**

**Einar Páll Kjærnested**
**lögg. fasteignasali.**
**einar@fastmos.is**



**KJARNA - ÞVERHOLTI 2 • 270 MOSFELLSBÆ • SÍMI: 586 8080 • FAX: 586 8081**
**WWW.FASTMOS.IS**

## Hallakur 4a - 210 Garðabær



**Falleg og rúmgóð 4ra herbergja, 138,4 m2 íbúð** á 2 hæð við Hallakur 4a í Garðabæ. Íbúðin skiptist í forstofu, hol, stofu, eldhús, þvottahús, baðherbergi með sturtu og baðkari og þrjú svefnherbergi. Íbúðinni fylgir 13,4 m2 sérgeymsla í kjallara. Fallegar innréttingar, parket og flísar eru á gólfum. Stórar svalir. **Íbúðin er nýmáluð og tilbúin til afhendingar.**
**V. 33,0 m.** 10036

**Björt 3ja herbergja, 117 m2 íbúð** á 2. hæð við Hallakur 4A í Garðabæ. Íbúðin skiptist í forstofu, stofu, eldhús, þvottahús, tvö svefnherbergi og baðherbergi með sturtu og baðkari. Íbúðinni fylgir 14,6 m2 sér geymsla í kjallara. Fallegar innréttingar, parket og flísar eru á gólfum. **Íbúðin er nýmáluð og tilbúin til afhendingar. V. 27,9 m.** 10035

## Hofakur 5, íbúð 101 - 210 Garðabær



Falleg og vönduð 133,8 m2, 3ja herbergja íbúð á 1. hæð, ásamt bílastæði í bílakjallara í lyftuhúsi við Hofakur 5 í Garðabæ. Íbúðin skiptist í forstofu, tvö rúmgóð svefnherbergi, baðherbergi með baðkari og sturtu, þvottahús, eldhús, stofu og borðstofu. Rúmgóð og glæsileg íbúð með fallegum innréttingu. Íbúðinni fylgir15,4 m2 sérgeymsla og bílastæði í lokuðum bílakjallara. Íbúðin er nýmáluð og tilbúin til afhendingar. **Áhvílandi er ca. 24,2 milljón kr. lán frá Íbúðalánasjóði. V. 31,5 m.** 10019

## Þrastarhöfði – 270 Mosfellsbær



Mjög fallegt 196,0 m2 einbýlishús á einni hæð ásamt 44,0 m2 rúmgóðum bílskúr á glæsilegri lóð. Húsið skiptist í stóra stofu/borðstofu, opið eldhús, stórt baðherbergi, þrjú rúmgóð barnaherbergi, stórt hjónaherbergi með sér baðherbergi, þvottahús og bílskúr.
**Lóðin er mjög snyrtileg með fallegri verönd. V. 79,0 m.** 10028



**Grundartangi - 270 Mosfellsbær**
Vel skipulagt 70,2 m2, 3ja herbergja raðhús á einni hæð með góðum garði við Grundartanga í Mosfellsbæ. Íbúðin skiptist í forstofu, tvö svefnherbergi, þvottahús/geymsla, baðherbergi, stofu og eldhús. **V. 20,5 m.** 10030



**Fálkahöfði - 270 Mosfellsbær**
Falleg og björt 104,6 m2, 3ja herb. endaíbúð á efstu hæð í þriggja hæða fjölbýli með glæsilegu útsýni við Fálkahöfða. Íbúðin skiptist í fortofu, sjónvarpshol, stofu, eldhús með borðkrók, sér þvottahús, hjónaherb., barnaherb. og baðherb. með sturtuklefa og baðkari. **Eignin er laus til afhendingar strax. V. 22,9 m**. 4897



**Stórhöfði 35 - 110 Reykjavík**
141,8 m2 atvinnuhúsnæði(miðjubil). Bilið er með góðri innkeyrsluhurð, mikil lofthæð og góð lýsing. Húsnæðið er snyrtilegt - lóð er malbikuð. **Eignin er laus til afhendingar strax. V. 15,9 m.**10032



**Hvaleyrarbraut 22 - 220 Hafnarfjörður**
117,8 m2 atvinnuhúsnæði með millilofti við Hvaleyrarbraut 22 í Hafnarfirði. Eignin er skráð 117,8 m2, þar af iðnaðarhúsnæði 80,9 m2 og milliloft 36,9 m2. **Eignin er laus til afhendingar strax. V. 9,5 m.** 10031

## Suðurhraun - 210 Garðabær



2334 m2 iðnaðarhúsnæði við Suðurhraun í Garðabæ. Mikil lofthæð og sjö innkeyrsluhurðir. Eigninni tilheyra þrjár atvinnu- og iðnaðarlóðir alls 21.103 m2. **Eignin er laus til afhendingar strax.**
**V. 150,000 m.** 10034

## Háaleitisbraut - 4ra herbergja



Góð og vel skipulöggð 4ra herbergja endaíbúð á 4. hæð ásamt bílskúr. Íbúðin er 129,7 fm og bílskúr 23 fm samtals 152,7 fm. Íbúðin skiptist í hol, tvær stofur, eldhús, þvottahús og búr, þrjú svefnherbergi og baðherbergi. Tvennar svalir eru á íbúðinni. Blokkin er nýlega uppgerð og máluð **Lækkað verð!**
**V. 27,9 m.**4184

## Réttarmói 9 - 861 Hvolsvelli



Glæsilegt 110 m2 heilsárshús við Réttarmóa í landi Hellishóla í Fljótshlíð, Rangárþingi eystra. Vel skipulagt 4ra herbergja heilsárshús á fallegum stað í landi Hellishóla. Húsið er timburhús, byggt árið 2007. **Stór verönd er við húsið og fallegt útsýni.**
**V. 29,9 m.** 10007

## Jörfagrund 20 - 116 Kjalanes




Fallegt 175,8 m2 endaraðhús með innbyggðum bílskúr. Mjög fallegt útsýni er frá húsinu. Eignin skiptist í forstofu, hol, þrjú svefnherbergi, baðherbergi, vinnuherbergi, eldhús, stofu og borðstofu. Bílskúr 30,9 m2 og er búið að innrétta inn af honum þvottahús og svefnh. Mjög rúmgóð svefnherbergi og fallegar innréttingar eru í húsinu. Stór timburverönd með heitum potti. **Bílastæði er hellulagt með snjóbræðslu. Opið hús í dag, mánudag, á milli kl. 17:00-18:00.**
**V. 36,8 m.** 5181

# Stakfell | Grunnur að góðu lífi :: 535_1000

Aðalheiður Karlsdóttir
lögg. fasteignasali

Þorlákur Ómar Einarsson
sölustjóri

**Fasteignasala . Íbúðarhúsnæði . Skúlatún 2 . 105 Rvk**

**stakfell.is**

**Fax 535 1009**



**Rauðagerði 108 Rvk**
Glæsilegt 344,7 fm. steinsteypt einbýlishús á tveimur hæðum ásamt 38,7 fm. tvöföldum bílskúr, samtals 383,4 fm. Góð suðurverönd, fallegar stofur, glæsilegt opið eldhús með eyju. Tvær góðar íbúðir eru í húsinu í dag, en auðvelt er að breyta húsinu aftur. Gróið umhverfi, miðsvæðis í borginni.




**Kringlan 103 Rvk**
91,1 fm 4ra - 3ja herbergja íbúð á jarðhæð með sérinngang. íbúðin skiptist í forstofu, eldhús, tvö svefnherbergi, baðherbergi og tvær stofur. 28.9 millj. **Opið hús í dag mánudaginn 15. ágúst milli kl 14:00 - 14:30**



**Naustabryggja - 110 Rvk**
Stórglæsilegt steinsteypt 239,2 fm. endaraðhús á bryggjukantinum í Bryggjuhverfinu í Grafarvogi. 3-4 svefnherbergi, góðar stofur og stórar suðursvalir. Vel hannað, vandaðar innréttingar og gott skipulag. Nánari uppl. á skrifst.



**Rauðarárstígur 105 Rvk**
Björt og rúmgóð 81,3 fm. íbúð með svölum og stæði í bílageymslu á 3. hæð í fjögurra hæða snyrtilegu lyftuhúsi við Rauðarárstíg. Gott aðgengi fyrir fatlaða. Góðar innréttingar. Frábær staðsetning í hjarta borgarinnar. Verð 24,5 millj.

**Höfum kaupanda að einbýlishúsi í Garðabæ**

**Leitum að 3ja – 4ra herb. íbúð í smáranum í Kópavogi**

**Höfum kaupanda að 2ja og 3ja herb. íbúðum í vestur- og miðbæ Reykjavíkur.**

**Leitum að einbýli í Reykjavík með tveimur íbúðum**



## Norðurbakki 15, 17 og 19 Glæsilegar íbúðir Nýtt í sölu:

Um er að ræða 2ja, 3ja og 4ra herbergja íbúðir sem skilast fullbúnar án gólfefna. Flísar á þvottahúsi og baðherbergi. Stærðir frá 83 - 132 fm. Vandaðar innréttingar og allur frágangur til fyrirmyndar. Lyftuhús. Bílageymsla. Verð frá 21,2



**Nönnustígur 220 Hafn.**
Einstaklega fallegt og sjarmerandi einbýlishús í hjarta Hafnarfjarðarbæjar Húsið er steypt hús með bárujárnsklæðningu á steyptum kjallara, Hefur verið mikið endurnýjað á smekklegan hátt. Stór verönd og gróinn garður. Húsið er skráð í FMR 122,6 fm er er í raun 140 fm.



**Leirvogstunga 270 Mos**
199,2 fm reisulegt einbýlishús á tveimur hæðum þar af 37,8 fm bílskúr í Mosfellsbæ. Húsið skiptist í forstofu, stofu tvö svefnherbergi, baðherbergi eldhús, þvottahús og rými fyrir ofan stofa sem býður uppá ýmsa möguleika.



**Flyðrugrandi 107 Rvk**
LAUST STRAX. 50,4 fm 2ja herbergja íbúð á efstu hæð (3ja hæð frá aðalinngangi) með stórum svölum og útsýni, íbúðin skiptist í anddyr, stofu, eldhús, svefnherbergi og baðherbergi. Verð 15.7 millj.



**Ljósheimar 104 Rvk**
Snyrtileg 99,5 fm 4ra herbergja íbúð með sérinngang frá svölum. Íbúðin skiptist í forstofu, þrjú svefnherbergi, stofu, baðherbergi, þvottahús og eldhús. Verð 23.5 millj



**Eiríksgata 101 Rvk**
Snyrtileg 3ja herbergja íbúð á jarðhæð sem skiptist í hol, eldhús, stofu, baðherbergi og tvö svefnherbergi. Parket og flísar á gólfi. 18.9 millj.



**Ofanleiti 103 Rvk**
86,5 fm 3ja herbergja íbúð á jarðhæð með sérinngang. Íbúðin skiptist í forstofu, þvottahús/geymslu, baðherbergi, tvö svefnherbergi og eldhús. Sér afnot af garði er við íbúðinni. 24.9 millj




**Sólheimar 104 Rvk**
Góð 4ra herbegja íbúð á 11. hæð lyftuhúsi. Íbúðin skiptist í hol, stofu, eldhús, baðherbergi og þrjú svefnherbergi. Parket og flísar á gólfi. Gríðarlegt útsýni úr íbúðinni. Verð 23.5 millj **Opið hús miðvikudaginn 17. ágúst milli kl. 12:00 - 13:00**



**Njálsgata - 101 Rvk**
81,7 fermetra 2ja herbergja íbúð við Njálsgötu í Reykjavík. Íbúðin skiptist í á efri hæð: anddyri, eldhús, samliggjandi stofa og borðstofa. Á neðri hæð er baðherbergi og svefnherbergi.
Nánari uppl. á skrifst.



**Brúnavegur - 105 Rvk** Glæsileg 162,8 fermetra íbúð við Brúnaveg. Íbúðin er teiknuð af Sigvalda Thordarson og er lýsandi dæmi um fallega hönnum og gott stílbragð þess tíma. Velskipulögð og rúmgóð eign. Nánari uppl. á skrifst.



**Hrauntunga - 200 Kópv**
Um er að ræða rúmgott einbýli á einni hæð við Hrauntungu í Kópavogi. Samkvæmt Fasteignaskrá er húsið skráð 185,4 fm að stærð auk 37,6 fm bílskúrs. Fimm svefnherbergi, góðar stofur og nýlegur pallur til suðurs. Laust strax



**Sundlaugavegur - 104 Rvk**
Neðri sérhæð og kjallara, tvær íbúðir, með bílskúr. Um er að ræða rúmgóða 109 fm. 4ra-5 herbergja neðri sérhæð ásamt 24,5 fm. bílskúr og 84,5 fm. 3ja herbergja íbúð í kjallara með sérinngang. Samtals 218 fm. Verð 39,8 millj



**Heiðarás - 110 Rvk**
Rúmgott einbýli á tveimur hæðum, húsið skiptist í jarðhæð með anddyri, gesta wc., stórt herbergi, stigahús, þvottahús og bílskúr. Efri hæð skiptist í stofu, borðstofu, eldhús, setustofu, svefnherbergisgang, þrjú svefnherbergi og baðherbergi.



**Bauganes - 101 Rvk**
Notalegt og fallegt einbýlishús á frábærum stað í skerjafirðinum sem skipist í kjallara, hæð og efri hæð. Kjallari skiptist í Þvottahús, herbergi, snyrting og geymslur. Neðri hæð skiptist í anddyri, snyrting, hol, eldhús, stofu og borðstofu. Efri hæð skiptist í sjónvarpshol, þrjú svefnherbergi og baðherbergi. Fallegur garður, sérstæður bílskúr. Góður garður í suður



**Hverafold - 112 Rvk**
Gullfallegt og vandað 204,3 fm einbýlishús á tveimur pöllum, þar af 27 fm. bílskúr með gryfju. Auk þess 12 fm. sólstofa. Vel skipulagt hús með stórri suðurverönd og grónum garði. Vandaðar innréttingar og falleg gólfefni. Húsið stendur á frábærum og veðursælum stað sunnan megin í Grafarvoginum. Stutt í góða skóla, verslanir og þjónustu.

Stakfell.is | :: 535_1000

# FASTEIGNA-MARKAÐURINN


## ÓÐINSGÖTU 4

**SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.**
**Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is**
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.


## ÓSKUM EFTIR 2JA – 3JA HERB. ÍBÚÐUM Í 101, 105 OG 107

### Hverafold



275,5 fm einbýlishús á tveimur hæðum með 24,2 fm. innbyggðum bílskúr í rólegu og barnvænu hverfi. Aðalhæðin skiptist m.a. í bjarta stofu og borðstofu með mikilli lofthæð og útsýni. Eldhús með sérhannaðri innréttingu. 4 góð svefnherbergi og baðherbergi sem er nýlega endurnýjað. Auk þess 3ja herb. íbúð með sérinngangi á neðri hæð. Garður til suðurs í góðri rækt. Stutt í skóla, leikskóla og þjónustu. **TILBOÐ ÓSKAST**

### Vogatunga – Kópavogi.



Fallegt og mikið endurnýjað 83,8 fm. parhús fyrir 60 ára og eldri í suðurhlíðum Kópavogs. Björt stofa með mikilli lofthæð, sólskáli opinn við stofu, rúmgott svefnherbergi og eldhús með góðri borðaðstöðu. Þvottaaðstaða á baðherbergi. Ræktuð og skjólgóð lóð til suðurs. Hús nýlega málað að utan.**Laust til afhendingar strax. Verð 25,9 millj.**

**DALBRAUT – HVASSALEITI-HÆÐARGARÐUR**
**3JA HERB. ÍBÚÐ ÓSKAST MEÐ STÆÐI Í BÍLAGEYMSLU OG SUÐURSVÖLUM. STAÐGREIÐSLA Í BOÐI FYRIR RÉTTA EIGN**

**HAFNARFJÖRÐUR**
**ÓSKUM EFTIR TIL KAUPS EÐA LEIGU UM 200 FM. LAGER- OG SKRIFSTOFUHÚSNÆÐI NÆRRI HÖFNINNI Í HAFNARFIRÐI EÐA Á HRAUNUNUM**

## SÉRBÝLI

### Eyktarás.



Glæsilegt og vel skipulagt 295 fm. einbýlishús á tveimur hæðum með innb. 33,6 fm.bílskúr. Húsið var nánast allt tekið í gegn að innan árið 2007 á afar vandaðan hátt. Rúmgóð og björt stofa, glæsilegt eldhús með eyju og vönduðum tækjum. Sjónvarpsherbergi með arni. 5 rúmgóð herbergi. Svalir út af stofu og nýtur mikils útsýnis yfir borgina. Vönduð lýsing. Hiti í gólfum efri hæðar og hluta neðri hæðar. **Verð 79,0 millj.**

### Klapparberg.



Fallegt og afar vel staðsett 197,6 fm. einbýlishús á tveimur hæðum auk 30,0 fm. bílskúrs. Samliggjandi stórar stofur með arni, stór sjónvarpsstofa, sólskáli með útgangi á lóð, 3 herbergi auk fataherbergis og nýlega endurnýjað baðherbergi. **Frábær staðsetning niður við Elliðaárnar. Fallegt útsýni til fjalla. Verð 50,0 millj.**



### Álfheimar

Fallegt og vel skipulagt 196,9 fm raðhús með sér 3ja herb. endurnýjaðri aukaíbúð í kjallara. Aðalíbúðin skiptist m.a. í eldhús, samliggjandi stofur og 3 rúmgóð herbergi. Auðvelt er að gera innangengt milli íbúða. **Einstök staðsetning miðsvæðis með útsýni yfir Laugardalinn. Göngufæri í grunn- og menntaskóla og þjónustu. 3 sér bílastæði. Verð 48,9 millj.**

### Einilundur- Garðabæ



Stórglæsilegt 324,7 fm. einbýlishús á frábærum útsýnisstað við opið svæði á grónum stað í Garðabæ. Húsið var algjörlega endurnýjað árið 2007 á mjög vandaðan og smekklegan hátt. Allar innréttingar eru sérsmíðaðar, hvítar háglans. Vönduð tæki í eldhúsi og í baðherbergjum. Stórt eldhús með arinstofu innaf, setustofa og 8 herbergi. Lóðin er 1.248,0 fm. að stærð.

### Langamýri 7- Garðabæ.




Fallegt og vel staðsett 219,1 fm einbýlishús á tveimur hæðum að meðt. 32,0 fm. nýlegum bílskúr. Eignin skiptist m.a. í rúmgott eldhús með góðri borðaðstöðu, samliggjandi stofur með útgangi á verönd , 5 herbergi. Á efri hæð er rúmgott alrými/setustofu/sjónvarpsherbergi með góðri lofthæð og ofanbirtu um stóran þakglugga. Ræktuð lóð með nýlegri hellulögn. **verð 56,7 millj.**
**Eignin verður til sýnis á morgun, þriðjudag, frá kl. 17.30-18.30 Verið velkomin.**



### Móaflöt – Garðabæ

Fallegt og vandað 201,2 fm. raðhús a einni hæð að meðt. 45,0 fm tvöf. bílskúr. Húsið stendur á fallegum stað við opið óbyggt svæði. Eikarparket er á gólfum og allar innihurðir eru nýlegar. 4 svefnherbergi, sjónvarpsstofa og rúmgóðar stofur. Gróin lóð með nýlegum hellulögðum veröndum og innkeyrslu. Skjólgóð verönd til suðurs. **Verð 52,9 millj.**



### Maríubaugur.

Glæsilegt 150 fm. endaraðhús að meðt. 30 fm. bílskúr. Eignin er innréttuð á vandaðan og smekklegan hátt. Mikil lofthæð er í eigninni og innfelld lýsing í loftum. 3 rúmgóð herbergi. Björt stofa. Eldhús með góðri borðaðstöðu. Glæsileg lóð með stórri timburverönd til suðurs og heitum potti.. Leik- og grunnskóli í næsta nágreinni. **Verð 49,5 millj.**



### Móaflöt-Garðabæ

Fallegt og vel skipulagt 178,7 fm. einbýlishús á einni hæð að meðt. 43,4 fm. tvöföldum bílskúr á þessum eftirsótta stað. Eignin skiptist m.a. í bjartar samliggjandi stofur, rúmgott eldhús, 4 svefnherbergi og nýlega endurnýjað baðherbergi. **960 fm ræktuð skjólgóð lóð til suðurs**. **Verð 49,9 millj.**

## 4RA HERB. OG STÆRRI



### Mánatún.

Falleg 3ja – 4ra herb. 119,3 fm. íbúð á 3. hæð í góðu lyftuhúsi auk 7,6 fm. sér geymslu. Eldhús með innréttingu úr eik og góðri borðaðstöðu. Stór og opin borð- og setustofa með yfirbyggðum opnanlegum svölum mót suðvestri og 2 svefnherbergi. Íbúðinni fylgir sér stæði í bílageymslu. **Verð 39,9 millj.**

### Selvað – 4ra – 5 herb. íbúð.



Falleg og vönduð 4ra – 5 herb. 123,8 fm. íbúð á 3. hæð í nýlegu lyftuhúsi auk sér stæðis í bílageymslu. Íbúðin er innréttuð á vandaðan hátt. Stór eyja og vönduð tæki í eldhúsi. Stór og björt stofa með útgangi á stórar svalir til suðurs. 3 herbergi auk vinnuh. **Verð 32,9 millj.**



### Kaplaskjólsvegur- íbúð á tveimur hæðum

Góð 84,5 fm. 3ja – 4ra herb. íbúð á tveimur hæðum á þessum eftirsótta stað í vesturbænum. Íbúðin hefur verið mikið endurnýjuð á síðustu 3 – 4 árum. Baðherbergi nýlega endurnýjað og skipt hefur verið um öll gólfefni. Björt stofa og opið eldhús. Svalir til suðvesturs. Sameign nýlega máluð. **Verð 24,8 millj.**



### Grenigrund-Kópavogi

Falleg og vel skipulögð 109,0 fm. efri sérhæð í fjórbýli auk 24,0 fm. bílskúrs. Nýlegar innréttingar í eldhúsi. Rúmgóð stofa með útgangi á svalir til suðurs. 4 herbergi. Hús að utan nýlega viðgert og málað. Góð staðsetning innst í götu.
**Verð 35,2 millj.**



### Fífusel- aukaherbergi í kjallara.

Góð 114,5 fm. 4ra herb. íbúð á 2. hæð að meðtöldu 10 fm útleiguherbergi og sér geymslu í kj. Björt stofa með útgengi svalir til suðausturs. 3 herbergi. Þvottaherbergi innan íbúðar. Sér stæði í upphituðu bílskýli. Leikvöllur beggja vegna við húsið. Stutt í alla þjónstu. **Verð 22,7 millj.**

### Grenimelur - efri sérhæð og ris



Um miðjan síðari hálfleikinn rak hann Skúla Jón Friðgeirsson af felli í skrautlegu atviki þar sem tveir leikmenn KR fengu gult spjald. Skúli Jón sitt síðara í leiknum. Manni færri virtust KR-ingar hins vegar styrkjast ef eitthvað var. Þórsarar skutu í slá í fimmta skiptið áður en KR-ingar tryggðu sér sigur.

Tíu mínútum fyrir leikslok lagði Mývetningurinn Baldur Sigurðsson boltann fyrir sig á markteig Þórs-liðsins og afgreiddi vel í netið. Tveimur mörkum yfir voru úrslitin ráðin og tólfti bikarmeistaratitill KR í höfn.

### KR-ingar betri tíu en ellefu

„Við vorum skárri í seinni hálfleik en það kviknaði í rauninni ekki á okkur fyrr en ég var rekinn út af. Þá fannst mér við sigla þessu mjög vel heim,“ sagði Skúli Jón sem verður í leikbanni í næsta leik KR á Íslandsmótinu. Svo skemmtilega vill til að sá leikur er norðan heiða gegn Þór.

KR-liðið hefur farið á kostum í sumar en leikurinn var líklega þeirra slakasti í sumar. Liðið vann engu að síður 2-0 sigur sem segir ýmislegt um styrkleika liðsins.

„Þetta er ólýsanleg tilfinning. Sérstaklega í ljósi þess að við vorum lélegri aðilinn. Að vinna þetta svona, skora á 82. mínútu. Þetta er ótrúlegt,“ sagði Baldur Sigurðsson, markaskorari KR-inga.

Páll Viðar Gíslason, þjálfari Þórs, var svekktur en ánægður með frammistöðu sinna manna.

„Ég er stoltur af því að vera Þórsari í dag þrátt fyrir að hafa tapað þessum leik. Það var eitthvað sem ég hef ekki skýringu á sem varð til þess að við skoruðum ekki mörk í þessum leik,“ sagði Páll Viðar.

### Fellur aldrei með litla liðinu

Gunnar Már, sóknarmaður Þórs, spilaði í úrslitaleik bikarsins í fjórða skiptið á fimm árum. Tvö fyrstu skiptin var hann í liði Fjölnis sem tapaði gegn stórliðum FH og KR. Það má segja að í þeim leikjum líkt og nú hafi hlutirnir ekki fallið með „litla liðinu“.

„Nei, allavega ekki í þessum þremur leikjum. Við höfum alls ekki verið síðri aðilinn í leikjunum. 2007 töpuðum við eftir framlengingu, 2008 á sjálfsmarki og hérna komum við þeim á lagið með sjálfsmarki. Þetta er hrikalega sárt og svekkjandi.“

Sjálfsmark Gunnar Más var einkar snyrtilegt og í raun afgreiðslan sem Þórsarar leituðu að allan leikinn á hinum enda vallarins.

„Ég vissi af boltanum einhvers staðar fyrir aftan mig. Ég ætlaði að setja hann aftur fyrir en ég hefði átt að sleppa því. Í 80 prósentum tilfella eða meira skallar maður boltann hinum megin við stöngina, í 19 prósentum ver markvörðurinn en þetta var alveg út við stöng,“ sagði Gunnar Már.

„Það er aldrei gaman að skora sjálfsmark, sérstaklega í svona leik. Nú veit ég hvernig Kristjáni Haukssyni leið eftir leikinn 2008,“ sagði Gunnar Már en sjálfsmark Kristjáns tryggði KR-ingum bikarinn árið 2008.

### Hálfklökkur yfir þessu

Hannes Þór Halldórsson var frábær í marki KR-inga og þeirra besti maður. Hannes Þór var í liði Fram sem tapaði gegn Breiðablik í úrslitum bikarsins árið 2009 eftir vítaspyrnukeppni.

„Það er versta tilfinning sem ég hef upplifað á fótboltavelli og sat í mér lengi. Ég var staðráðinn í að upplifa hina tilfinninguna í dag. Þetta er jafnæðisilegt og hitt var ógeðslegt.“

Það vakti mikla athygli þegar Hannes Þór gekk til liðs við KR að loknu síðasta tímabili. Frammistaða Hannesar í marki Fram virtist hafa dalað og margir sem töldu feril hans á niðurleið. Hann hefur hins vegar farið á kostum í búningi Vesturbæjarliðsins.

„Þetta er fyrsti titillinn sem ég vinn. Ástæðan fyrir því að ég kom í KR var til að upplifa svona stundir og ég er hálfklökkur yfir þessu,“ sagði Hannes Þór.

kolbeinntd@365.is



# ÞJÓNUSTU-DAGAR Á SHELL

## Full þjónusta á sjálfsafgreiðsluverði

**Til 25. ágúst greiðir þú ekkert þjónustugjald þegar starfsmenn okkar á plani fylla á tankinn þinn á næstu bensínstöð Shell. Þú færð fulla þjónustu en greiðir eingöngu sjálfsafgreiðsluverð.**

Nokkrir af okkar reynslumiklu starfsmönnum á plani:



**Siggi**
Shell Suðurfelli



**Maggi**
Shell Hagasmára



**Árni**
Shell Kleppsvegi



**Gummi**
Shell Birkimel



**Elli**
Shell Birkimel

Þeir sem greiða með staðgreiðslukorti Skeljungs, Orkulyklum, Orkukortum, Orkufrelsi, Afsláttarkortum, inneignarkortum, hefðbundnum greiðslukortum eða reiðufé greiða því 6 kr. minna fyrir lítrann þegar eldsneyti er keypt í þjónustu en annars væri á fyrrgreindu tímabili.

Vörumerki Shell eru notuð af Skeljungi með leyfi Shell Brands International AG

ENNEMM / SÍA / NM47634






# ÍR vann bikarinn í 20. sinn

**ÍR-ingar urðu bikarmeistarar í frjálsum íþróttum þriðja árið í röð. Kvennalið félagsins hafði nokkra yfirburði en FH-ingar höfðu sigur í karlaflokki.**

**FRJÁLSAR** ÍR-ingar urðu á laugardag bikarmeistarar í frjálsum íþróttum þriðja árið í röð en keppt var á Kópavogsvelli. ÍR-ingar höfðu betur í samanlagðri stigakeppni eftir baráttu við FH-inga. ÍR hlaut 170 stig en FH 153 stig.

„Þetta var æði. Hópurinn er rosalega góður þótt liðið sé mjög ungt. Ég var aldursforseti í kvennaflokknum, 22 ára," sagði Sandra Pétursdóttir fyrirliði ÍR. Hún sagði góða liðsheild lykilinn að sigrinum sem var sá tuttugasti í sögu félagsins.

„Það voru allir vel samstilltir og ætluðu að vinna. Við töpuðum í samanlögðu á Meistaramótinu á Selfossi um daginn og það kom ekki til greina að tapa aftur. Það voru allir mjög hungraðir í þennan sigur."

Kvennalið ÍR varð í efsta sæti en karlaliðið í öðru sæti á eftir FH. „FH er með mjög sterkt karlalið þannig að það hefur verið erfitt fyrir strákana að sigra þá. En það á eftir að koma einn daginn," sagði Sandra sem hafði sigur í sleggjukasti fyrir hönd ÍR-liðsins.

Óðinn Björn Þorsteinsson, fyrirliði FH, sigraði í kúluvarpi og sleggjukasti á mótinu.

„Þetta var svipað og búist var við. Að við myndum vinna karlabikarinn og stelpurnar myndu bæta aðeins við sig frá því í fyrra," sagði Óðinn Björn. Hann sagði bæði FH og ÍR skipuð ungu fólki og að barátta yrði milli félaganna um bikarinn næstu ár.

„Við vorum búin að vinna bikarinn 15 ár í röð. ÍR er að vinna í þriðja skiptið í röð. Það fer að styttast í að við tökum þá aftur," sagði Óðinn Björn.



**SKIPST Á KEFLUM** Einar Daði Lárusson og Helgi Björnsson úr ÍR í baráttu við Trausta Stefánsson og Guðmund Heiðar Guðmundsson úr FH. MYND/BJÖRN GUÐMUNDSSON

Þrjú met voru sett á mótinu og voru það ÍR-ingar sem settu þau öll. Hilmar Örn Jónsson setti piltamet í sleggjukasti og kvennasveitin stúlknamet í 1000 metra boðhlaupi. Þá setti karlasveitin einnig með í 1000 metra boðhlaupi í flokki 22 ára og yngri.

kolbeinntd@365.is

**Lokastaðan**

| | |
|---|---|
| 1. ÍR | 170 stig |
| 2. FH | 153 stig |
| 3. Fjörmann | 123 stig |
| 4. Norðurland | 117,5 stig |
| 5. HSK | 114 stig |
| 6. Breiðablik | 93,5 stig |

# Tvöfaldur sigur hjá GR

**Golfklúbbur Reykjavíkur vann sigur í karla- og kvennaflokki í Sveitakeppni GSÍ sem fram fór um helgina Þetta er annað árið í röð sem GR vinnur tvöfalt.**

**GOLF** Karlasveit GR lagði sveit Golfklúbbs Kópavogs og Garðabæjar 3-2 í úrslitum í Sveitakeppninni á Leirdalsvelli í Garðabænum í gær. Hvort lið vann tvær viðureignir í tvímenningi þar sem leikin er holukeppni maður gegn manni. Í fjórmenningi, þar sem tveir leika gegn tveimur, hafði GR betur í bráðabana eftir að staðan var jöfn að loknum 18 holum.

„Það er frábært afreksstarf í gangi hjá GR. Ég er orðinn næstelstur í þessu lið þótt ég sé bara 26 ára. Við erum með marga mjög góða unga stráka sem eru að spila frábærlega," sagði Stefán Már Stefánsson liðsmaður GR sem lék í fjórmenningnum í gær ásamt Arnóri Inga Finnbjörnssyni.

Stefán Már segir úr góðum hópi kylfinga að velja hjá GR og því sé hörkusamkeppni að tryggja sér sæti í sveitinni.

Kvennasveit GR mætti Golfklúbbnum Keili í úrslitum á Hvaleyrarvelli. Líkt og í karlaflokki voru leikar jafnir að loknum fjórum viðureignum í tvímenningi. Á 19. holu í fjórmenningnum tryggðu stelpurnar í GR sér sigur.

„Þetta var mjög stressandi. Ég var alveg að fara á taugum á tímabili," sagði Hildur Kristín Þorvarðardóttir sem tryggði GR-stelpunum sigur í fjórmenningnum ásamt Írisi Kötlu Guðmundsdóttur. Þetta er annað árið í röð sem GR leggur GK að velli í úrslitum Sveitakeppninnar.

„Mér fannst skemmtilegra að vinna þetta núna af því að það voru ekki allar Keiliskonurnar með í fyrra. Núna sýndum við öllum að við gætum þetta," sagði Hildur Kristín. - ktd



**HEIMAMENN LAGÐIR AÐ VELLI** Karlasveit GR fagnaði vel sigrinum á heimamönnum í GKG á Leirdalsvelli í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



**VINDASAMT Á HVALEYRARVELLI** Það blés vel á kvennalið GR sem sigruðu Keiliskonur annað árið í röð. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

## ÚRSLIT

### Enska úrvalsdeildin

**Blackburn 1-2 Wolves**
1-0 Formica (20.), 1-1 Fletcher (22.), 1-2 Ward (47.)
**Fulham 0-0 Aston Villa**
**Liverpool 1-1 Sunderland**
1-0 Suarez (12.), 1-1 Larsson (57.)
**Newcastle 0-0 Arsenal**
Rautt spjald: Gervinho (76.)
**QPR 0-4 Bolton**
0-1 Cahill (45+2.), 0-2 Sjálfsmark (67.), 0-3 Klasnic (70.), 0-4 Muamba (79.)
**Wigan 1-1 Norwich**
1-0 Watson vsp. (21.), 1-1 Hoolahan (45.)
**Stoke 0-0 Chelsea**
**West Brom 1-2 Man Utd**
0-1 Rooney (13.), 1-1 Long (37.), 1-2 Sjálfsmark (81.)

### Pepsi-deild kvenna

**Stjarnan 2-0 Þór/KA**
1-0 Ashley Bares (60.), 2-0 Hugrún Elvarsdóttir (90+2.)
Upplýsingar um markaskorara frá fotbolti.net.

### Í kvöld: Pepsi-deild karla

**Keflavík - Grindavík**
**Breiðablik - ÍBV**
**Valur - Fylkir**
**Víkingur R. - FH**
**Stjarnan - Fram**
Allir leikir kvöldsins hefjast klukkan 19.15



**HETJAN** Ashley Young lagði upp sigurmark United. NORDIC PHOTOS/GETTY

Enska úrvalsdeildin:

## Meistaraheppni í fyrsta leik

**FÓTBOLTI** Englandsmeistarar Manchester United unnu 2-1 útisigur á West Brom í 1. umferð ensku úrvalsdeildarinnar um helgina. Sigurmarkið var sjálfsmark Stevens Reid en heiðurinn að markinu átti Ashley Young. Þetta er ekki í fyrsta skipti sem andstæðingurinn sér um að skora fyrir Englandsmeistarana. Lærisveinar Sir Alex Ferguson áttu erfitt uppdráttar á útivelli á síðustu leiktíð og sigurinn því kærkominn.

Liverpool tefldi fram fjórum nýjum leikmönnum í byrjunarliði sínu gegn Sunderland. Luis Suarez var óvænt í liðinu og skoraði en brenndi einnig af vítaspyrnu. Sunderland jafnaði metin í síðari hálfleik með glæsimarki Svíans Sebastians Larsson.

Gervinho, nýr liðsmaður Arsenal, var rekinn af velli í markalausu jafntefli Newcastle og Arsenal. Joey Barton brást illa við þegar Gervinho féll í vítateig heimamanna. Átökum þeirra lauk með löðrungi af hendi Fílabeinsstrendingsins sem var rekinn út af með rautt spjald.

Chelsea gerði markalaust jafntefli gegn Stoke í tíðindalitlum leik á Britannia-vellinum í Stoke. Leikurinn var sá fyrsti undir stjórn Portúgalans Andre Villas-Boas.

Grétar Rafn Steinsson og félagar í Bolton unnu 4-0 útisigur á QPR í Íslendingaslag helgarinnar. Grétar Rafn lék allan leikinn með Bolton en Heiðar Helguson kom inn á í síðari hálfleik hjá QPR.

Enginn heimasigur vannst um helgina en það gæti breyst í kvöld þegar Manchester City tekur á móti nýliðum Swansea. - ktd



**Á SKOTSKÓNUM** Ashley Bares er markahæst í Pepsi-deild kvenna með 17 mörk. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Pepsi-deild kvenna:

## Stjarnan siglir í átt að titlinum

**FÓTBOLTI** Fátt virðist geta komið í veg fyrir að Stjarnan verði Íslandsmeistari í knattspyrnu kvenna. Stjörnukonur unnu 2-0 sigur á Þór/KA í Garðabænum í gær og hafa tíu stiga forskot á Val sem á leik til góða.

Ashley Bares og Hugrún Elvarsdóttir skoruðu mörk Garðbæinga, hvor í sínum hálfleiknum.

Stjörnunni dugar tveir sigrar úr síðustu fimm umferðunum til þess að tryggja sér fyrsta Íslandsmeistaratitilinn í sögu félagsins. - ktd






> **Scarlett Johansson**

„Ég vona að það verði gerður tölvuleikur með mér. Að minnsta kosti hefði ég ekki appelsínuhúð þá.“

***Scarlett Johansson leikur í kvikmyndinni The Black Dahlia, sem byggð er á sannsögulegu atburðum, einu alræmdasta morðmáli í Kaliforníu. Myndin er sýnd á Stöð 2 Bíói kl. 20.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ: SUNNA VALGERÐARDÓTTIR Á ÁGÚSTKVÖLDI

# *Dimmt sumarkvöld með Klovn og kerti*



Blessuð tæknin. Ég var farin að sjá fram á laugardagskvöld með nokkrum fimm ára gömlum rómantískum gamanmyndum, án popps og kóks, þar sem ekkert annað var á dagskránni. Kertin voru kveikt í stofunni í fyrsta sinn í sumar þar sem næsta árstíð virðist vera farin að boða komu sína með tiltölulega dimmum síðkvöldum og stjörnubjörtum himni.

Einhverra hluta vegna ákvað ég að gera vel við mig – skoða Leiguna. Yfirleitt nota ég hana í Klovn-maraþon og frítt barnaefni, en nú yrði gerð breyting á, dagskrá Fjölvarpsins skyldi ekki ráða lífi mínu. Ég brá út af vananum og leigði mér bíómynd. Engir danskir sjónvarpsþættir eða teiknimyndir frá árinu 1987 handa mér þetta laugardagskvöld. Auðvitað horfði ég á Klovn. Ég er ein af þeim örfáu Íslendingum sem lagði ekki leið mína í kvikmyndahús þegar myndin tröllreið öllu og öllum hér fyrir nokkrum mánuðum. Fólk hafði fussað og sveiað yfir tvíeykinu, sumir jafnvel gengið út, en þrátt fyrir það keypt sig inn á hana í tvígang. Svo góð var Klovn sögð vera.

Orð að sönnu. Þegar sjónvarpsþættir eru gerðir að bíómynd á manni að líða eins og maður sé þeirra forréttinda aðnjótandi að vera að horfa á tveggja tíma langan og óvenjugóðan þátt. Öðruvísi á ekki að bregða út af vananum. Þeim tókst það með Simpsons og Frank og Casper tókst það líka. David Hasselhoff tókst það ekki með Baywatch.

Ég kláraði myndina án þess að ganga út úr herberginu. Greip reyndar nokkrum sinnum fyrir andlitið, sagði upphátt „nei“ og leit undan – en sat þó sem fastast. Þegar ég setti hana aftur á daginn eftir, gekk ég hins vegar út áður en vissir atburðir áttu sér stað. Það er kosturinn við endursýningar, maður veit á hverju er von.

## RÚV

**16.05 Landinn** (e)
**16.35 Leiðarljós**
**17.20 Húrra fyrir Kela** (37:52)
**17.43 Mærin Mæja** (27:52)
**17.51 Artúr** (8:20)
**18.20 Táknmálsfréttir**
**18.30 Með okkar augum** (6:6)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.15 E-efni í matvælum – Bindiefni** (3:3) (E Numbers: An Edible Adventure) Bresk heimildaþáttaröð. Matarblaðamaðurinn Stefan Gates fjallar um E-efni í matvælum og kemst að forvitnilegum niðurstöðum.
**21.10 Leitandinn** (37:44) (Legend of the Seeker) Bandarísk þáttaröð um ævintýri kappans Richards Cyphers og dísarinnar Kahlan Amnell. Meðal leikenda eru Craig Horner, Bridget Regan, Bruce Spence og Craig Parker. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Íslenski boltinn**
**23.15 Liðsaukinn** (13:32) (Rejseholdet) Dönsk spennuþáttaröð um sérsveit sem er send um alla Danmörk að hjálpa lögreglu á hverjum stað að upplýsa erfið mál. Höfundar eru Mai Brostrøm og Peter Thorsboe. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
**00.15 Kastljós** (e)
**00.50 Fréttir** (e)
**01.00 Dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.00 The Wedding Singer**
**10.00 Meet Dave**
**12.00 Kapteinn**
**14.00 The Wedding Singer**
**16.00 Meet Dave**
**18.00 Kapteinn**
**20.00 The Black Dahlia**
**22.00 Once Upon a Time In the West**
**00.40 The Dead One**
**02.10 The Lodger**
**04.00 Once Upon a Time In the West**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 Doctors** (10:175)
**10.15 Smallville** (13:22)
**11.00 Hamingjan sanna** (7:8)
**11.45 Wipeout USA**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Frasier** (4:24)
**13.25 American Idol** (43:43)
**15.00 ET Weekend**
**15.50 Barnatími Stöðvar 2**
**17.05 Bold and the Beautiful**
**17.30 Nágrannar**
**17.55 The Simpsons** (20:22)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.06 Veður**
**19.15 Two and a Half Men** (10:24)
**19.40 Modern Family** (13:24)
**20.05 Extreme Makeover: Home Edition** (22:25)
**20.50 Love Bites** (1:8) Frábærir rómantískir gamanþættir þar sem allt er látið flakka um nútímaástarsambönd frá framleiðendum Sex and the City, Love Actually og Bridget Jones Diary um ástina og allt það brjálæði sem hún fær okkur til að gera.
**21.35 Nikita** (22:22) Ný og hörkuspennandi þáttaröð frá Warner Bros um leyniþjónustuna Division sem ræður til sín ungmenni sem áttu erfiða æsku.
**22.20 Weeds** (6:13)
**22.50 It's Always Sunny In Philadelphia** (4:13)
**23.15 The Middle** (24:24)
**23.35 How I Met Your Mother** (20:24)
**00.00 Bones** (19:23)
**00.45 Entourage** (6:12)
**02.45 Into the Storm**
**04.20 Human Target** (9:12)
**05.05 The Simpsons** (20:22)
**05.30 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Real Madrid - Barcelona** Útsending frá fyrri leik Real Madrid og Barcelona í Supercopa (Meistarar meistaranna).
**15.25 Real Madrid - Barcelona** Útsending frá fyrri leik Real Madrid og Barcelona í Supercopa (Meistarar meistaranna).
**17.10 Þór - KR** Útsending frá úrslitaleiknum í Valitor-bikarnum.
**19.00 Pepsi-deildin 2011**
**21.15 Pæjumót TM** Sýnt frá Pæjumóti TM á Siglufirði þar sem knattspyrnustjörnur framtíðarinnar eru í aðalhlutverki. Það eru stelpur í 4., 5., 6. og 7. flokki sem keppa á Pæjumótinu og sýna snilldartilþrif. Umsjónarmaður þáttarins er Guðjón Guðmundsson.
**22.00 Pepsi-mörkin** Skemmtilegur þáttur þar sem farið er yfir öll mörkin og umdeildu atvikin í Pepsi-deild karla í knattspyrnu. Umsjónarmaður er Hörður Magnússon.
**23.10 Pepsi-deildin 2011**
**01.00 Pepsi-mörkin** Skemmtilegur þáttur þar sem farið er yfir öll mörkin og umdeildu atvikin í Pepsi-deild karla í knattspyrnu. Umsjónarmaður er Hörður Magnússon.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00 WBA - Man. Utd.** Útsending frá leik West Bromwich Albion og Manchester United í ensku úrvalsdeildinni.
**14.45 Fulham - Aston Villa** Útsending frá leik Queens Park Rangers og Bolton Wanderers í ensku úrvalsdeildinni.
**16.35 Sunnudagsmessan** Guðmundur Benediktsson og Hjörvar Hafliðason fara yfir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni. Öll mörkin og umdeildu atvikin eru skoðuð og leikirnir krufðir til mergjar.
**17.50 Premier League Review 2011/12** Flottur þáttur um ensku úrvalsdeildina þar sem leikir helgarinnar verða skoðaðir og krufðir til mergjar.
**18.50 Man. City - Swansea** Bein útsending frá leik Manchester City og Swansea City í ensku úrvalsdeildinni.
**21.00 Premier League Review 2011/12**
**22.00 Football League Show** Sýnt frá síðustu leikjum í neðri deildum enska boltans. Glæsileg mörk og mögnuð tilþrif.
**22.30 Man. City - Swansea** Útsending frá leik Manchester City og Swansea City í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁR EINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Pepsi MAX tónlist**
**17.25 Rachael Ray**
**18.10 Top Chef** (12:15) (e)
**19.00 Psych** (1:16) (e) Bandarísk gamanþáttaröð um ungan mann með einstaka athyglisgáfu sem þykist vera skyggn og aðstoðar lögregluna við að leysa flókin sakamál.
**19.45 Will & Grace** (24:27)
**20.10 One Tree Hill** (16:22) Bandarísk þáttaröð um hóp ungmenna sem ganga saman í gegnum súrt og sætt. Stúlkurnar fara í heimsókn til Haley í tilefni af því að hún er ófrísk. Brooke langar í kjölfarið að ættleiða barn.
**20.55 Hawaii Five-0 - LOKAÞÁTTUR** (24:24) Bandarísk þáttaröð sem byggist á samnefndnum spennuþáttum sem nutu mikilla vinsælda á sjöunda og áttunda áratugnum. McGarret og félagar eru á höttunum eftir stórglæpamanninum Wo Fat sem sjálfur leitar hefnda. Sérsveitin nýtur ekki stuðnings ríkisstjórans og er mögulegt að hún verði lögð niður.
**21.45 CSI: New York** (9:22) Bandarísk sakamálasería um Mac Taylor og félaga hans í tæknideild lögreglunnar í New York. Líkfundur í Central Park sviptir hulunni af gömlu hneykslismáli sem teygir anga sína víða.
**22.35 The Good Wife** (13:23) (e) Endursýningar frá byrjun á fyrstu þáttaröðinni um góðu eiginkonuna Aliciu. Áfrýjunarmál Peters byrjar og Alicia er fengin til að verja siðblindan auðmann
**23.20 Dexter** (1:12) (e)
**00.10 Law & Order: Criminal Intent** (e)
**01.00 Will & Grace** (24:27) (e)
**01.20 Hawaii Five-0** (24:24) (e)
**02.05 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00 ESPN America**
**08.10 PGA Championship 2011** (4:4)
**12.40 Golfing World**
**13.30 PGA Championship 2011** (4:4)
**18.00 Golfing World**
**18.50 PGA Championship 2011** (4:4)
**22.00 Golfing World**
**22.50 Champions Tour - Highlights**
**23.45 ESPN America**

## EXTRA

**19.30 The Doctors** (1:175)
**20.15 Ally McBeal** (18:22)
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.45 The Whole Truth** (8:13) Nýtt og spennandi lögfræðidrama. Kathryn Peale er metnaðarfullur saksóknari í New York. Jimmy Brogan er vinur hennar frá því þau voru við nám saman í Yale-háskólanum og er virtur verjandi í borginni. Bæði eru þau mikið keppnisfólk og áköf í að sinna vinnu sinni vel og berjast fyrir skjólstæðinga sína. Í hverjum þætti kynnumst við báðum hliðum á málunum sem eykur spennu áhorfandans.
**22.30 Lie to Me** (20:22) Önnur spennuþáttaröðin um Dr. Cal Lightman sem er sérfræðingur í lygum. Hann og félagar hans í Lightman-hópnum vinna með lögreglunni við að yfirheyra grunaða glæpamenn og koma upp um lygar þeirra á vísindalegan hátt. Með sálfræði, atferlisfræði og einstökum hæfileikum í að greina í andlitsdráttum skjólstæðinga hvort þeir segi sannleikann eða séu að ljúga, leysir The Lightman Group
**23.15 Damages** (13:13)
**00.00 Ally McBeal** (18:22)
**00.45 The Doctors** (1:175)
**01.25 Sjáðu**
**01.50 Fréttir Stöðvar 2**
**02.40 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## N4

**18.15 Að norðan** Fjölbreyttur þáttur um norðlenskt mannlíf.
**18.30 2 gestir** Fjölbreyttur þáttur þar sem gestastjórnandi fær til sín góðan gest.

## ÍNN

**20.00 Heilsuþáttur Jóhönnu**
**20.30 Golf fyrir alla** Brynjar og Óli Már halda áfram að gefa góð ráð.
**21.00 Frumkvöðlar** Elínóra Inga og frumkvöðlar Íslands.
**21.30 Eldhús meistaranna** Magnús Ingi matreiðir af mikilli snilld.
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 91,9 Kaninn | FM 95,7FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |


bmvalla.is

BM·VALLÁ
forsteyptar einingar smellinn

**Helstu kostir SMELLINN húseininga:**
Styttri byggingartími
Steypt við bestu aðstæður
Yfirborð frágengið
Gott einangrunargildi
Minni fjármagnskostnaður

BM Vallá ehf.
Bíldshöfða 7
110 Reykjavík
Sími: 412 5050
Fax: 412 5001
sala@bmvalla.is

Einingahúsin henta vel sem einbýlishús, orlofshús, hesthús, skrifstofur, gistihús
... **möguleikarnir eru óendanlegir.**



# Smellinn
Forsteyptar einingalausnir frá BM Vallá

Smellinn einingahús eru traustur og fljótlegur kostur fyrir fólk í framkvæmdahug. Húsin eru steypt við bestu mögulegu aðstæður, reist og tilbúin á stuttum tíma og hafa í för með sér lægri fjármagnskostnað.

**Frábær byggingakostur**
*„Forsteyptar einingar gefa frelsi í hönnun og ég get verið viss um gæði steypunnar. Þess vegna vel ég forsteyptar einingar í margar af byggingunum sem ég hanna.“*

Einar Ólafsson verðlaunaarkitekt hefur fjölbreytta reynslu af hönnun einingahúsa.



PIPAR\TBWA · SÍA · 111332

## Í KVÖLD



**STÖÐ 2 KL. 20.55**
**Love Bites**

Djarfur og drepfyndinn þáttur frá framleiðendum Sex and the City, Love Actually og Bridget Jones Diary. Þátturinn fjallar um ástina og allt það brjálæði sem hún fær okkur til að gera.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunfrúin **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Stefnumót **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Hringsól **14.00** Fréttir **14.03** Konungur slaghörpunnar: Franz Liszt **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Og sólin rennur upp **15.25** Fólk og fræði **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Eyðibýlið **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Í lok dags **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Inn og út um gluggann **20.00** Leynifélagið **20.30** Lennon í nýja heiminum **21.10** Úr kvæðum fyrri alda **21.30** Kvöldsagan: Ofvitinn **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Girni, grúsk og gloríur **23.15** Kvika **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## BBC entertainment

**10.45** Keeping Up Appearances **11.15** Monarch of the Glen **12.05** Keeping Up Appearances **12.35** Skavlan **13.25** Skavlan **14.15** Deal or No Deal **14.50** Deal or No Deal **15.25** Deal or No Deal **16.00** Keeping Up Appearances **16.35** ‚Allo ‚Allo! **17.00** ‚Allo ‚Allo! **17.25** Dalziel and Pascoe **18.20** Dalziel and Pascoe **19.10** Top Gear **20.00** Live at the Apollo **20.45** QI **21.15** Little Britain **21.45** My Family **22.15** Skavlan **23.10** Skavlan **00.00** QI **00.30** Little Britain **01.00** My Family **01.35** Dalziel and Pascoe **02.25** Dalziel and Pascoe

## DR 1

**10.40** Grøn glæde **11.15** Ved du hvem du er? **12.15** Merlin **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Kommissær Wycliffe **14.00** Klassen 2.b **14.15** Carsten og Gittes Vennevilla **14.30** Willas vilde dyr **15.00** Kærlighed i ukendt land **15.50** DR Update - nyheder og vejr **16.00** Vores Liv **16.30** TV Avisen med Sport **17.05** Aftenshowet **18.00** Jamies australske kokkeskole **19.00** TV Avisen **19.25** SportNyt **19.35** Horisont Special **20.35** En sag for Frost **22.10** OBS **22.15** Vore Venners Liv **04.00** Rasmus Klump **04.05** Chiro

## NRK 1

**08.20** Norge rundt **08.45** Friidrett **09.15** Program ikke fastsatt **11.05** Rallycross. EM-runde fra Nederland **11.35** En herre med bart **13.00** Derrick **14.00** Ekstremfiske **14.45** Ut i nærturen **15.00** Krøniken **16.00** Oddasat - nyheter på samisk **16.05** Nyheter på tegnspråk **16.10** Tilbake til 90-tallet **16.40** Distriktsnyheter **17.30** Australias villmark **18.00** Storbritannias kongelige bryllu-per **18.55** Distriktsnyheter **19.30** Sommeråpent **20.15** Boardwalk Empire **21.05** Kveldsnytt **21.20** Poirot **22.55** 20 sporsmål

## svt1

**13.10** Gomorron Sverige **14.00** Rapport **14.05** Det goda livet **14.55** En arkitekt talar ut **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Strömsö **16.55** Schlagerpärlor **17.05** En man och hans bil **17.10** Kulturnyheterna **17.20** Sverige i dag sommar **17.30** Rapport **17.52** Regionala nyheter **18.00** Elvis. Tillbaka till Tupelo **18.55** Sänghopparna **19.00** Lykke **19.55** Flugor **20.00** Flytta hemifrån **20.30** Lärare på hemmaplan **21.00** Damages **21.40** Rapport **21.45** Sommarpratarna **22.45** Rapport


ms.is




# Gráða & feta
## ostateningar í olíu

Gráða & feta ostateningar henta vel í kartöflusalatið, á pítsuna, í sósuna, salatið, ofnréttinn og á smáréttabakkann.



HVÍTA HÚSIÐ/SÍA




Tölvutek • Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 • Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900 • www.tolvutek.is

## SJÓNVARPSÞÁTTURINN



*„Það eru þættirnir Californ-ication og svo Klovn sem eru í uppáhaldi.“*

Logi Pedro Stefánsson, meðlimur í sveitinni Retro Stefson.

# Mikil samkeppni hjá sportpöbbunum

„Fyrsta helgin gekk bara stórvel. Það var ótrúlega jákvæð stemning yfir öllu,“ segir Davíð Kristinsson, rekstrarstjóri á Glaumbar við Tryggagötu.

Keppni í Ensku úrvalsdeildinni hófst um helgina. Það þýðir að aftur lifnar yfir fjölda sportpöbba á höfuðborgarsvæðinu en það getur gefið vel í aðra hönd að reka vinsælan sportpöbb. Glaumbar var opnaður að nýju um helgina og keppir við nokkra aðra sportbari í miðbænum. Má þar nefna staði eins og English Pub, Hvítu perluna og Bjarna Fel.

„Já, sportbörunum hefur fjölgað mikið hér á landi,“ segir Davíð. „Samkeppnin heldur manni bara á tánum. Það er plús bæði fyrir mig og kúnnann.“ Hann segir það jafnframt ánægjulegt að staðirnir séu mun flottari en áður. „Standardinn hefur batnað til muna á minni börunum,“ segir hann.

Davíð segir það jákvætt hversu mikið sé af sportbörum í úthverfunum. „Það gengur auðvitað ekkert ef þú býrð í Grafarholti að þurfa alltaf að fara niður í bæ.“

Önnur viðbót í flóru sportpöbba er Úrilla górillan sem opnuð var á Stórhöfða um helgina. Þar ræður ríkjum Hallur Dan Johansen sem rak áður Austur og Players. Staðurinn verður heimavöllur Liverpool-klúbbsins og geta gestir fengið bás með sér bjórdælu. Mikið virðist lagt í útlit staðarins. „Ef Kex, Laundromat og Players myndu eignast barn, þá værum við barnið,“ segir Hallur Dan. -hdm



**NÝIR SPORTBARIR** Hallur Dan Johansen á Úrillu górillunni og Davíð Kristinsson á Glaumbar fagna nýju tímabili í enska boltanum. FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

## FRÉTTIR AF FÓLKI

KR-ingar svifu um á bleiku skýi á laugardaginn eftir að karlalið félagsins í knattspyrnu varð bikarmeistari eftir sigur á Þór frá Akureyri. Sigurhátíð félagsins fór fram á Rauða ljóninu á Seltjarnarnesi. Margir af hörðustu stuðningsmönnunum mættu þangað beint eftir leikinn en leikmenn KR komu ekki fyrr en um kvöldið. Þá streymdu líka aðdáendur liðsins að og var Eiðistorg fullt af fólki þegar mest var. Bikarinn gekk manna á milli á hátíðinni og fengu allir sem vildu að kyssa hann og láta smella af sér mynd með honum. Meðal gesta voru félagarnir Pétur Marteinsson og **Gísli Marteinn Baldursson**, Geir H. Haarde fyrrum forsætisráðherra og Inga Jóna Þórðardóttir, eiginkona hans, Haukur Harðarson, íþróttafréttamaður á RÚV, og Bogi Ágústsson fréttamaður.



**Skúli Jón Friðgeirsson** og aðrir leikmenn KR stilltu sér upp á svölum á Eiðistorgi með bikarinn á meðan mannhafið renndi sér í gegnum stuðningsmannalög KR-inga. Mikil stemning var í húsinu og stóð gleðin langt fram á nótt. Einhverjir leikmanna KR laumuðu sér í miðborgina þegar á leið og voru að vonum hrókar alls fagnaðar þar. Hinn ungi Ásgeir Örn Ólafsson var að leika sinn síðasta leik fyrir KR í bili og skemmti sér því sérstaklega vel. Svo vel að vegfarendur og ökumenn á Laugavegi komust ekki hjá því að taka eftir honum. - hdm





**NÝR SMELLUR Á LEIÐINNI** Gylfi Ægisson og Sólmundur Hólm í hljóðveri við upptökur á Feðraveldinu, nýju lagi eftir Sólmund. Lagið fer í spilun í þessari viku eða þeirri næstu. FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

SÓLMUNDUR HÓLM: ÓMEÐVITAÐ VAR ÉG KOMINN Í SÍÐAN LEÐURFRAKKA GYLFA ÆGISSONAR

# Sendir frá sér nýtt lag í gamla stílnum

„Þetta er svona sveitastuðlag. Það fyrsta sem kemur upp í hugann þegar maður heyrir það er hlöðuball,“ segir Sólmundur Hólm, grínisti og verðandi poppari.

Á næstu dögum sendir Sóli, eins og hann er jafnan kallaður, frá sér lag sem hann flytur með Gylfa Ægissyni. Eins og alþjóð veit skrifaði Sóli ævisögu Gylfa árið 2009. „Ég samdi lagið með okkur í huga,“ segir hann.

„Það hefur alltaf blundað smá poppari í mér og ég er mikið fyrir íslenska tónlist. Helst gamla íslenska tónlist, ég er ekki mikið að endurnýja mig,“ segir Sóli sem segist sannfærður um að ef lagið hefði komið út fyrir þrjátíu árum þá hefði hann orðið stórstjarna: „Þetta er gamaldagspopp en ég vona að það virki enn þá. Þegar Gylfi var stórstjarna hefði hann gert þetta að smelli. Hann hefði gaulað þetta blindfullur inni í Hljóðrita.“

Lagið kallast Feðraveldið og er tvísöngur feðga. Sonurinn syngur um galla föður síns og faðirinn svarar á móti. Sóli fullyrðir að lagið sé dramatískt en skemmtilegt. Hann segir að lagið sé ekki byggt á eigin reynslu, þó að skilnaðarbörn eins og hann sjálfur geti eflaust samsamað sig ýmsu sem fram kemur í textanum. „En pabbi minn er ekki eins slæmur og sá sem sungið er um í laginu,“ segir hann og hlær.

Sóli hefur getið sér gott orð fyrir eftirhermur sínar og er hann vinsæll skemmtikraftur á mannamótum. Einn af þeim sem hann hermir eftir er einmitt Gylfi Ægis svo það ætti ekki að reynast honum erfitt að flytja lagið opinberlega. „Nei, einmitt. Ég syng bara fyrir Gylfa líka. Ætli næsta skrefið verði svo ekki að taka upp lag með Pálma Gunnars? Eða Gunnari í Krossinum? Eða jafnvel Bjarna Fel?“

Aðspurður kveðst Sóli stefna að því að senda frá sér fleiri lög í framtíðinni. Hann eigi nokkrar hugmyndir í kollinum sem þarf að vinna meira með.

En hvernig fannst Gylfa lagið?

„Honum fannst það mjög gott, sagði að það væri létt og skemmtilegt. Enda gæti hann hafa samið það. Ég var líka pottþétt undir áhrifum frá Gylfa þegar ég samdi lagið. Ómeðvitað var ég kominn í síða leðurfrakkann hans.“

hdm@frettabladid.is





INNANHÚSSTÍLISTANÁM

**Dæmi um það sem tekið er fyrir í náminu:**
Lita- og línufræði
Tónalgreining
Vaxtarbygging
Heitt og kalt rými
Stórt og lítið rými
Uppröðun hluta
**Stílistun á:**
Baðherbergi
Svefnherbergi
Barnaherbergi
Eldhúsi
Garðhýsi
Stofu
Og margt fleira.

The Academy of Colour and Style býður nú upp á nám í innanhússtílistun. Farið er í helstu grunnþætti í lita- og línufræði. Einnig er kennt að meta stíl út frá persónunni sjálfri. Þá er hún greind út frá vaxtarbyggingu og litgreiningu en þær upplýsingar segja mikið til um hvernig einstaklingur vill hafa sitt nánasta umhverfi eins og liti og stíl. Nemendur vinna svo verkefni í hverri viku og taka þá fyrir stílistun á stofu, baðherbergi, barnaherbergi o.fl. Gestafyrirlesarar koma í tíma og kynna fyrir nemendum ýmis atriði sem koma þeim til góða.
Hver önn tekur þrjá mánuði. Kennsla fer fram í Tækniskólanum einu sinni í viku frá 18-22.


Anna F. Gunnarsdóttir
*Stílisti*


Helga Sigurbjarnadóttir
*Innanhúsarkitekt*


Þorsteinn Haraldsson
*Byggingafræðingur*

UPPLÝSINGAR OG SKRÁNING Í SÍMA 533 5101


# Smellur Larsens í íslenskri mynd

„Lagið smellpassar inn í myndina,“ segir Hafsteinn Gunnar Sigurðsson, leikstjóri kvikmyndarinnar Á annan veg, sem verður frumsýnd 2. september.

Hafsteinn og félagar fengu á dögunum leyfi til að nota lagið Midt om natten eftir danska tónlistarmanninn Kim Larsen í mynd sína. „Ég held að þetta sé í fyrsta skipti sem er veitt leyfi til að nota lagið, fyrir utan í kvikmyndinni Midt om natten,“ segir Hafsteinn.

Midt om natten er í miklu uppáhaldi hjá Hafsteini. Hann bað framleiðendur kvikmyndarinnar Á annan veg að útvega leyfi til að nota lagið og því var haft samband við útgáfurisann EMI, sem sér um þau mál fyrir Larsen. Þar á bæ voru menn ekki bjartsýnir. „Svo skrifuðu þeir til baka, alveg gáttaðir á að hann hafi gefið leyfi og að hann hefði aldrei gert það áður. Það hefur margoft verið beðið um lagið,“ segir Hafsteinn.

En kanntu einhverja skýringu á skyndilegri viðhorfsbreytingu Larsens?

„Nei. Ætli við höfum ekki hitt á hann á góðu mómenti, á kránni á föstudagseftirmiðdegi eða eitthvað svoleiðis. Hann hefur verið í stuði.“

En svífur danskur andi yfir vötnum í myndinni?

„Nei. Hún er alveg rammíslensk.“

Áhugasömum er bent á Facebook-síðu myndarinnar fyrir nánari upplýsingar og stiklu. - afb





**ÁNÆGÐUR MEÐ LARSEN** Hafsteinn er að vonum sáttur við Kim Larsen fyrir að gefa leyfi til að nota lagið Midt om natten í atriði í myndinni Á annan veg.


SÓLARHRINGS SÓLARSAMBA!
ALLT AÐ 27.850 KR AFSLÁTTUR Á MANN!
101.600 KR. AFSLÁTTUR FYRIR 4 MANNA FJÖLSKYLDU!
Okkur er sönn ánægja að bjóða upp á frábært sértilboð til Almería og Tenerife. Sala hefst klukkan 12:00, mánudaginn 15. ágúst og stendur í 24 klukkustundir. Athugið að það er takmarkað framboð af sætum!
SALAN HEFST KL. 12:00 Í DAG!
24 KLST
ALMERÍA
VIKA - ALLT INNIFALIÐ!
Hotel Trinidad
TILBOÐSVERÐ Á MANN FRÁ: 109.900 kr.*
m.v. 2 fullorðna og 2 börn í bókun.
Almennt verð: 135.500 kr.
Heildarafsláttur: 101.600 kr.
TILBOÐSVERÐ Á MANN FRÁ: 136.840 kr.*
m.v. 2 fullorðna í bókun.
Almennt verð: 164.690 kr.
Heildarafsláttur: 55.700 kr.
Innifalið: Flug, skattar, gisting í viku í superior herbergi með öllu inniföldu (morgun-, hádegis- og kvöldmatur og allir innlendir drykkir) og íslensk fararstjórn. Brottför: 19. ágúst.
TENERIFE
11 NÆTUR
Hotel Tropical Playa
TILBOÐSVERÐ Á MANN FRÁ: 89.900 kr.*
m.v. 2 fullorðna og 2 börn í bókun.
Almennt verð: 109.050 kr.
Heildarafsláttur: 76.600 kr.
TILBOÐSVERÐ Á MANN FRÁ: 104.900 kr.*
m.v. 2 fullorðna í bókun.
Almennt verð: 126.696 kr.
Heildarafsláttur: 43.592 kr.
Innifalið: Flug, skattar, gisting í íbúð með 1 svefnherbergi (stúdíóíbúð ef 2 fullorðnir í bókun) og íslensk fararstjórn. Brottför: 25. ágúst.
SUMAR FERÐIR
...eru betri en aðrar
sumarferdir.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000** **VÍSIR**

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
vísir
Meiri Vísir.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Sveitarfélögin styrkt

Félag leikskólakennara, með **Harald Frey Gíslason** formann í broddi fylkingar, hyggst halda tónleika til styrktar sveitarfélögunum á næstunni ef ekki nást samningar innan tíðar. Kjarasamningsviðræður hafa ekki skilað tilætluðum árangri og leikskólakennarar hafa samþykkt að fara í verkfall þann 22. ágúst náist ekki samningar við sveitarfélögin. Tónlistarmennirnir Bubbi Morthens, Páll Óskar Hjálmtýsson og hljómsveitin Dikta munu líklega stíga á svið verði af tónleikunum.



### Óvæntur gestur

Knattspyrnumaðurinn **Tryggvi Guðmundsson** ræddi um feril sinn í viðtali í helgarblaði Fréttablaðsins. Þar kom meðal annars fram að hann gerir sér vel grein fyrir því að fólk hefur misjafnar skoðanir á ágæti hans; að það sé til fólk sem hreinlega elskar að hata hann. Stuðningsmenn KR hafa til að mynda ekki verið hans heitustu aðdáendur, jafnvel þó hann hafi eitt sinn leikið með liðinu, enda hefur Tryggvi farið mikinn með FH og ÍBV síðustu ár. Það vakti því mikla furðu að einn gesta á sigurhátíð KR eftir bikarúrslitaleikinn var einmitt téður Tryggvi Guðmundsson. Fjölmargir tóku kappann tali en engum sögum fer af því hvað var rætt um.



**- mmf, hdm**

## Mest lesið vísir

1. Lífsreynslan hefur áhrif á heilsufar
2. Æðarkolla hrapaði til jarðar í miðri flugeldasýningu
3. Matt Damon næsti forseti Bandaríkjanna?
4. Útlendingar sprautuðu piparúða í leigubílaröðinni
5. Starfsfólkið hélt að það ynni í alvöru Apple-búð
6. Pissaði á 12 ára stúlku í flugvél

Office1

Fyrirtækjaþjónusta

ÓDÝR REKSTRARVARA

Hringdu í fyrirtækjaþjónustu Office1 og lækkaðu rekstrarkostnað fyrirtækisins.

PÖNTUNARSÍMI
550 4111

Fyrirtækjaþjónustan er opin 8 - 17
pontun@office1.is
www.office1.is

# VIÐ GETUM ÞAÐ ALLAR

## – og þú líka –

Við getum allar ræktað sál okkar og líkama.
Í Baðhúsinu hefurðu aðgang að því sem til þarf fyrir aðeins 6.190* á mánuði.
Með þátttöku í KK klúbbnum kemstu jafnt í opna sem LOKAÐA tíma. KK klúbburinn er klárlega hagstæðasta leiðin.

Allt þetta er innifalið í Baðhúsinu fyrir aðeins 6.190* kr. á mánuði;

- Zumba.
- Hot jóga.
- Lene Hansson námskeið.
- Fit Pilates.
- CX30.
- Afró.
- Jane Fonda.
- Heilsuátak.
- Spinning Express.
- Tabata (Trx, Bosu, ketilbjöllur).
- Magadans.
- Les Mills tímar.
- Salsa.
- TKT.
- Tæbox.
- o.mfl.

Og auðvitað hefurðu líka aðgang að heitri laug, vatnsgufu, sauna og notalegu hvíldarhreiðri.

Komdu í Baðhúsið - og náðu markmiðum þínum.
Við getum það allar. Og þú líka.

Vertu velkomin.

Linda Pétursdóttir

**Nánari upplýsingar á www.badhusid.is/kk**



Ljósmyndari Gassi

***Komdu strax í klúbbinn og byrjaðu að æfa, fyrsta greiðsla kemur ekki fyrr en í október!***

6.190* á mánuði í KK áskriftarklúbbnum, lágmarkstími 12 mánuðir. Hægt er að velja um 4 leiðir, með mismunandi bindingu og fríðindum; Skólaáskrift, Grunnáskrift, Eðaláskrift eða Frjálsáskrift. Frír aðgangur að lokuðum tímum, og frí barnagæsla fylgir öllum leiðum nema Skólaáskrift.

BAÐHÚSIÐ
www.badhusid.is
Sími 515-1900